



**Kíktu í BT**  
**BT**  
 Pollgata 4 • sími 550-4444 • bt.is

Nýtt og öflugt  
**verkfæri**  
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**  
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsútsókn á netinu

**Afgreiðsla**  
 Landsbankans  
 í Neista er opin  
 fimmtudaga og  
 föstudaga  
 frá kl. 16-18  
 Sími 410 8119

**Landsbankinn**  
 Sími 410 4156  
 Fax 410 3018

**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**  
**BÆJARINS BESTA**  
 Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 16. mars 2005 • 9. tbl. • 22. árg.

**Pottur gleymdist á eldavél**

Slökkvilið Ísafjarðar var kallað að húsinu Suðurtanga 2 á þriðja tímanum á aðfaranótt föstudag. Mikinn reyk lagði frá íbúð í húsinu og höfðu nágrennar orðið varir við reykinn.

Einn maður var í íbúðinni og höfðu nágrennar hans bjargað honum út úr íbúðinni þegar slökkviliðið kom á vettvang. Var hann borinn út en honum varð ekki meint af reyknum. Mun pottur hafa gleymst á eldavél og reykraesti slökkviliðið íbúðina. – [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)

**Uppsagnir starfsmanna Ratsjárstöðvarinnar á Bolafjalli**

# „Uppsagnirnar eru mikil blóðtaka fyrir Bolungarvík“

Uppsagnir starfsmanna Ratsjárstofnunar eru mikil blóðtaka fyrir Bolungarvík að sögn Einars Péturssonar bæjarstjóra. Hann segist hafa fengið þau svör að stjórnvöld í Bandaríkjunum vildu að starfsemi yrði fjarstýrt frá Miðnesheiði en ekki frá öðrum stöðvum á landinu. Reikna má með því að íbúum í Bolungarvík fækki um á annan tug í kjölfar uppsagnanna.

Sem kunnugt er boðaði Ratsjárstofnun mikla uppstokkun á starfsemi sinni í desember á síðasta ári. Var þá tilkynnt að öllum fjórum ratsjárstöðvum stofnunarinnar yrði fjarstýrt frá stöðinni á Miðnesheiði. Því mætti búast við nokkrum uppsögnum í hópi tæknimanna stofnunarinnar. Miklar umræður sköpuðust í kjölfarið í Bolungarvík um framtíð starfsemiinnar á Bolafjalli enda



**Ratsjárstöðin á Bolafjalli.**

vegur starfsemiinnar þungt í bæjarfélöginu. Kom fram að um 5% af útsvarstekjum Bolungarvíkur mætti rekja til starfsmanna á Bolafjalli. Jafnframt kom sú hugmynd fram hjá Einari Péturssyni bæjarstjóra að skoða ætti þann möguleika að fjarstýra stöðvunum fjórum frá Bolafjalli en ekki frá Miðnesheiði. Hlaut sú hugmynd góðar

undirtektir m.a. hjá þingmönnum kjördæmisins.

Í síðustu viku var tilkynnt um endanlegt fyrirkomulag uppsagna þeirra sjö tæknimanna er starfa á Bolafjalli. Þeir þeirra verða endurráðnir að stöðinni en störf þeirra breytast nokkuð. Vaktir verða lagðar niður og því munu laun þeirra væntanlega lækka nokk-

uð. Einum starfsmanni býðst starf á Miðnesheiði en þeir starfsmenn munu láta af störfum hjá stofnuninni. Þar sem störf þessi og reynsla starfsmannanna er mjög sérhæfð má reikna með því að nú flytjist í það minnsta fjórar fjölskyldur frá Bolungarvík. Eru það því væntanlega 12-15 manns sem flytja á næstu mánuðum.

Einar Pétursson bæjarstjóri segir þessa niðurstöðu mikla blóðtöku fyrir Bolungarvík því þarna hafi verið um að ræða mjög sérhæfð og vel launuð störf. Hann segir að viðbrögð við hugmynd sinni um að fjarstýra stöðvunum frá Bolafjalli hafi verið mjög skýr. „Mér var tjáð að það væri ákvörðun stjórnvalda í Bandaríkjunum að stöðvunum yrði fjarstýrt frá Miðnesheiði og þeirri ákvörðun yrði ekki breytt“ segir Einar. – [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)

# Háskólasetur Vestfjarða stofnað

Háskólasetur Vestfjarða var stofnað við hátíðlega athöfn í framtíðarhúsnæði setursins, Vestrahúsinu á Ísafirði, á laugardag. Stofnfundurinn var haldinn í sal Ísfangs og sóttu hann meðal annarra þingmenn kjördæmisins, ráðherrar og fulltrúar háskóla í landinu.

Ávörp fluttu Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Ármann Kr. Ólafsson fyrir hönd sjávarútvegsráðherra, og Dóra

Hlín Gísladóttir, framkvæmdastjóri rannsóknastofunnar Agars á Ísafirði. Að stofnfundi loknum var haldinn fulltrúaráðsfundur þar sem saman komu allir þeir aðilar sem að Háskólasetrinu standa. Á þeim fundi var stjórn hins nýstofnaða seturs kjörin.

Í stjórn voru kjörin: Halldór Halldórsson, Kristján Jóakimsson, Jóhann Sigurjónsson og Soffía Vagnsdóttir. Enn á eftir að tilnefna 5. stjórnarmanninn, en sá situr fyrir hönd háskólanna í landinu. – [halfdan@bb.is](mailto:halfdan@bb.is)



**Sturla Böðvarsson, Valgerður Sverrisdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Dóra Hlín Gísladóttir á stofnfundinum. Fyrir framni þau stendur Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.**

**Samkaup úrval**

**OPIÐ:**  
 virka daga  
 kl. 09 - 21  
 laugard. 10-21  
 sunnud.  
 kl. 12 - 21  
 Verið velkomin!

**Samkaup úrval**

**NEISTA**  
 HAFNARSTRÆTI 9-13  
 SÍMI 456 5460

**INNANLANDS er...**

öflugasta flugvermið á Íslandi. Við helum samráð með áætlanavæðingri flytjanda, gæmskissu Örnólfs og samþráðum okkur um land allt í ött helstu átt flugvegum. Við bjóðum daglega ferðir og öflugri örnólfsþjónustu bæði fyrir fjölskyldur og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum og erum leiðandi í flugum á Íslandi og í löngum stöðum.

**EIMSKIP**  
 ÍRONSÍÐI

Gönguleiðir: 15 101 Reykjavík Sími 520 7700 Fax 520 7701 www.eimskip.is



Frá undirskrift samningsins. F.v. Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, Hallgrímur Magnús Sigurjónsson, útibússtjóri Íslandsbanka á Ísafirði, Þorlákur Ragnarsson frá Flugfélagi Íslands og Örn Elías Guðmundsson.

## Skrifað undir vegna Aldrei fór ég suður

Fulltrúar Íslandsbanka, Símans og Flugfélags Íslands og aðstandendur rokkhátíðarinnar Aldrei fór ég suður skrifuðu í gærmorgun undir samstarfssamning vegna væntanlegra hátíðarhalda. Eins og sagt hefur verið frá eru fyrirtekin þrjú helstu bakhjarlar hátíðarinnar.

Við þetta tækifæri tóku tveir skipuleggjendur hátíðarinnar, Ragnar Kjartansson og Örn Elías Guðmundsson (Mugison) lagið fyrir viðstadda og fluttu braginn „Gúanóstelpán mín“ sem samið var sérstaklega fyrir hátíðina. Þegar skrifað hafði verið undir gengu

menn sem leið lá upp Silfur götu á Ísafirði að rakarastofu Vilbergs Vilbergssonar, en djassband hans mun skipa stóran sess á Aldrei fór ég suður sem haldin verður í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardag um aðra helgi.

„Verkefnið er skemmtilegt og sýnir fjótt hugmyndaflug og stórhug heimamanna og það er samstarfsaðilunum sérstök ánægja að fá að vera með og gera áhugahópnum kleift að standa að hátíðinni. Megi Ísfríðingar, nærsveitamenngestir þeirra vel njóta“, segir í samstarfssamningnum.

– halfdan@bb.is



Eftir undirskriftina fór Ragnar Kjartansson söngvari hjómsveitarinnar Trabanti í klippingu til Villa Valla, en báðir koma þeir fram á hátíðinni.

## Hallgrímur Sveinsson lætur af störfum á Hrafnseyri

Hallgrímur Sveinsson staðarhaldari á Hrafnseyri lætur senn af störfum eftir rúmlega fjögurra áratuga starf. Hrafnseyrarnefnd auglýsir starfið laust til umsóknar í BB í dag. Í fyrstu sinni Hallgrímur kennslu og rak þar skóla og sumargistingu. Síðustu áratugi hefur hann verið starfsmaður Hrafnseyrarnefndar og hefur sem slíkur unnið að þeirri miklu uppbyggingu sem átt hefur sér stað á fæðingarsstað Jóns Sigurðssonar.

Að sögn Eiríks Finns Greipssonar formanns Hrafnseyrarnefndar verður starf framkvæmdastjóra nefndarinnar auglýst laust til umsóknar á næstunni. Starfið er hlutastarf og er það fólgið í umsjón og uppbyggingu Hrafnseyrar auk reksturs á safni Jóns Sigurðssonar forseta og veitingarekstri í burstabænum. Að sögn Eiríks verður ekki gerð krafa um vetursetu á Hrafnseyri.

– hj@bb.is



Frá Hrafnseyri.

## Bolvíkingar íhuga nám fyrir leikskólabörn

Fræðslumálaráð Bolungarvíkur hefur skipað þriggja manna nefnd til að kynna sér hugmyndir um kennslu fimm ára barna við Grunnskóla Bolungarvíkur. „Málið er algjörlaga á frumstigi og ekki búið að ákveða neitt. Þetta tengist þeirri umræðu sem hefur verið í gangi sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu um að gera lokastig leikskóla-

ans gjaldfrjálst. Skipaður hefur því verið hópur til að skoða kosti og galla þess að bjóða elstu börnum leikskóla upp á skólanám“, segir Kristín Ósk Jónasdóttir, skólastjóri Grunnskóla Bolungarvíkur og einn nefndarmanna.

Auk hennar eru í undirbúningshópnum Steinunn Ragnarsdóttir sem fulltrúi leikskóla og Valrún Valgeirsdóttir sem

fulltrúi foreldra. Á fundi fræðslumálaráðs var einnig samþykkt að skólastjóri GB undirbúi umsókn til Þróunarsjóðs grunnskóla vegna þessa þróunarverkefnis.

„Málið verður skoðað á vordögum og ákveðið hvort þetta sé þess vert að kanna betur“, segir Kristín Ósk Jónasdóttir.

– thelma@bb.is

## Bæjarstjóri fundar með fjármálastjóra

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hefur boðað fulltrúa Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar á sinn fund til að ræða þann ágreining sem á milli þessara aðila er í tálkun útreikninga í skýrslu VST um mótuneyti leikskóla í Ísafjarðarbæ. Sem kunnugt er varð það niðurstaða skýrslunnar að ekki væri vænlegt að bjóða út rekstur mötu-

neytanna.

Fjármálastjóri sendi bæjarráði umsögn um skýrsluna þar sem hann komst að annarri niðurstöðu og lagði í framhaldinu til að rekstur mótuneytis leikskóla á Ísafirði yrði boðinn út. Nefndi fjármálastjóri í skýrslu sinni nokkrar tölur máli sínu til stuðnings sem VST sagði síðar að væru allar rangar. Taldi VST umsögn fjármálastjóra vera mjög

að heildri starfsmanna sinna og fyrirtækisins í heild.

Fól bæjarráð bæjarstjóra að vinna greinargerð um málið og óskaði einnig eftir skýringum fjármálastjóra. Þær skýringar hafa ekki verið lagðar fyrir bæjarráð enn sem komið er. Eins og áður sagði hefur bæjarstjóri boðað fulltrúa VST ásamt fjármálastjóra á sinn fund til þess að ræða þann ágreining sem uppi er.



Fermingarbornin tilvonandi sýndu fatnað.

## Fermingarsýning á Hótel Ísafirði

Verslunar- og þjónustufyrirtæki efndu til fermingarsýningar á Hótel Ísafirði á sunnudag. Er þetta í þriðja sinn sem slík sýning er haldin en tilgangurinn er að auðvelda fermingarbornum og aðstandendum þeirra veraldlega þátt undirbúningsins.

„Þetta gekk mjög vel og var ofsalega gaman. Sýningin er haldin til að gefa fermingarbornum og aðstandendum hugmyndir að gjöfum, hárgreiðslum, fötum og þess háttar. Fermingarbornin sjálf taka þátt í að sýna hvað fyrirtækin hafa upp á að bjóða og þau eru ávallt jákvæð og skemmtileg“, segir Guðrún Karlsdóttir, hárgreiðslu-

meistari hjá Hárkompaníinu. Þá var aðsókn á sýninguna þökkaleg en þó dræmri en undanfarin tvö ár. „Fermingarargangurinn er frekar lítil í ár miðað við áður og það hefur eflaust átt þátt í að ekki var fullt á sýninguna“, segir Guðrún.

Þau fyrirtæki sem tóku þátt voru Hárkompaníið, Hótel Ísafjörður, Silfurtorg, Jón og Gunna, Skóverslun Leós, Hafnarbúðin, Gullauga, Bókhladan, Blómaturinn, Þristur og Alda Karlsdóttir sá um förðun fermingarbarnanna. Sýnt var hvað er í boði af því fjölmörgu sem huga þarf að við ferminguna. – thelma@bb.is

Ákvörðun um ökuhraða á Djúpvegi frá Hafrafellshálsi að afleggjara að Ísafjarðarflugvelli

# Tekin í Reykjavík en ekki í Borgarnesi

Ákvörðun um að lækka ekki löglegan hámarksbraða á Djúpvegi frá Hafrafellshálsi að afleggjara að Ísafjarðarflugvelli var ekki tekin af starfsmönnum stofnunarinnar í Borgarnesi eða á Ísafirði. Sú ákvörðun var tekin í höfuðstöðvum Vegagerðarinnar í Reykjavík að sögn Gunnars Gunnarssonar aðstoðarvegamálastjóra. Sem kunnugt er samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar einróma að óska eftir lækkan hámarksbraða á þessum vegarkafli vegna umferðar gangandi fólks en Vegagerðin synjaði beiðni bæjar-

stjórnar í tvígang. Í kjölfarið sakaði einn bæjarfulltrúi á bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar yfirmann Vegagerðarinnar á Ísafirði um hroka í garð bæjarstjórnar.

Gunnar Gunnarsson segir þá verklagsreglu í gildi hjá Vegagerðinni að hraðamerkja ekki vegakerfið með bannmerkjum utan þéttbýlis, en notuð séu aðvörunarmerki þar sem það á við, til dæmis til þess að vara við umferð gangandi vegfarenda. Hann segir að út frá þessari verklagsreglu hafi verið tekin sú ákvörðun að lækka ekki löglegan hámarksbraða á

þeim vegarkafli sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar óskaði eftir. „Sú ákvörðun var tekin hér í miðstöð Vegagerðarinnar í Reykjavík en hvorki í Borgarnesi né á Ísafirði“, segir Gunnar.

Hann segir að nú sé í skoðun að hraðamerkja vegakerfið með leiðbeinandi merkingum um ráðlagðan hámarksbraða á einstökum vegarköflum. „Ef í það verður ráðist, mun að sjálf-sögðu umræddur vegarkafli koma til skoðunar með tilliti til aðstæðna“, segir Gunnar Gunnarsson.

– hj@bb.is



Umræddur vegarkafli í Skutulsfirði.

Kristján Haraldsson, framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða

## Engin breyting á útgáfu orkureikninga

Kristján Haraldsson orkubússtjóri segir enga breytingu hafa verið gerða á útgáfu orkureikninga hjá Orkubú Vestfjarða. Þetta kemur fram í bréfi hans til Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Í bréfinu svarar Kristján fyrirspurnum sem Magnús Reynir Guðmundsson bæjarfulltrúi lagði fram á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar fyrir stuttu um ýmis atriði í rekstri Orkubúsins. Magnús spurði hvort útgáfa orkureikninga hafi verið flutt úr höfuðstöðvum Orkubúsins á Stakkanesi.

Orkubússtjóri segir í svari

sínu að engin breyting hafi orðið í þeim efnum. Orkureikningar séu ennþá gefnir út af starfsmanni fyrirtækisins í höfuðstöðvum þess á Ísafirði. Hins vegar kemur fram að sú breyting hafi verið gerð í lok síðasta árs að orkureikningarmir séu prentaðir út í Reykjavík og póstaglögir þar. Ákvörðun um þá breytingu segir Kristján ekki hafa verið tekna af stjórn Orkubúsins og að hún hafi enga breytingu í för með sér á starfsmannahaldi.

Þá spurði Magnús Reynir hvaða áhrif þessi breyting hefði á þjónustu heimaðila

við Orkubú. Í svari Kristjáns kemur fram að umslög fyrir orkureikninga hafi áður verið prentuð á Ísafirði en séu nú prentuð í Reykjavík. Kostnaður við þá prentun hafi verið um 100 þúsund krónur á ári og hugsanlegt sé að breyting verði á þessum þætti að nýju.

Að síðustu spurði Magnús Reynir: „Eru fleiri breytingar fyrirhugaðar í rekstri O.V., sem draga máttinn úr mannlífi og viðskiptum í Ísafjarðarbæ og annars staðar á Vestfjörðum.“ Orkubússtjóri telur að í þessari fyrirspurn felist ósönn fullyrðing en svarið við henni

sé einfaldlega nei. Hins vegar þurfi Orkubú að leita allra leiða til að hagræða því að öðrum kosti muni fyrirtækið ekki standast þá samkeppni í raforkusölu sem innleidd var með nýjum raforkulögum sem tóku gildi um síðustu áramót.

Að lokum biður orkubússtjóri bæjarstjóra að benda viðkomandi bæjarfulltrúa á að hann sjái engin tormerki á að svara honum beint og milli-liðalaust. Þannig gangi mál mun hraðar fyrir sig en að bera spurningar upp á alls óskyldum vettvangi og biðja bæjarstjóra að leita svara.



## Jaxlinn strandaði

Flutningaskipið Jaxlinn strandaði í Sundunum á Ísafirði á miðvikudag í síðustu viku og sat þar fastur í sjó klukkustundir eða til kl. 17. Lóðsbáturinn Pytur og Gunnar Friðriksson, skip Björgunarfélags Ísafjarðar, drógu Jaxlinn á flot og segir Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, að aðgerðin hafi gengið vel. „Við vorum búnir að binda upp úr klukkan hálf fimm og byrjuðum strax að toga“, segir Guðmundur. Óhappið varð þegar Jaxlinn svaraði beygju ekki nægilega vel með þeim afleiðingum að skipið festist í innsiglingu Ísafjarðarhafnar. Þá spilaði vindur inn í, en sunnanátt var á Ísafirði, 8 m/s en allt að 13 m/s í kviðum. Jaxlinn stóð á sandbotni og urðu engar skemmdir, hvorki á skipinu sjálfu né farni þess.

## Unglingameistaramótið flutt frá Ísafirði

Stjórn Skíðafélags Ísfirðinga og mótsnefnd Unglingameistaramóts Íslands á skíðum sem halda átti á Ísafirði um helgina hefur tilkynnt stjórn Skíðasambands Íslands að ekki verði hægt að halda mótið á Ísafirði vegna snjóleysis. Jónas Gunnlaugsson formaður Skíðafélagsins segir þetta hafa verið mjög erfiða en óumflýjanlega ákvörðun.

„Því miður hefur tekið upp mikinn sjó hér undanfarna

daga þannig að undan þessari ákvörðun varð ekki flúið. Þetta eru að sjálfsgöngu mikil vonbrigði en það ræður enginn við náttúruöflin“.

Aðspurður segir Jónas að þrátt fyrir minnkandi snjó sé ennþá hægt að stunda skíðagöngu. „Við getum haldið þau göngumót sem við þurfum en það vantar snjó til þess að geta sinnt alpagreinunum“, segir Jónas. Mótið verður haldið á Siglufirði

– hj@bb.is

## Deilu um löggæslukostnað ungmennafélagsmóts vísað heim í hérað að nýju

Hæstiréttur hefur lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur að taka fyrir að nýju kröfu Ungmennafélags Íslands um að fá endurgreiddar 500 þúsund krónur sem félagið greiddi sýslumanninum á Ísafirði vegna kvöldvöku og dansleikja sem félagið stóð fyrir á unglíngalandsmóti ungmennafélaganna á Ísafirði um verslunarmannahelgina árið 2003. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður vísað öllum kröfum Ungmennafélagsins frá dómi þar sem hann taldi félagið ekki eiga lögvarða hagsmuni af úrlausn kröfunnar.

Eins og áður kom fram hélt Ungmennafélag Íslands fjölmennt unglíngalandsmót á Ísafirði um verslunarmannahelgina 2003. Auk íþróttakeppni



Frá setningarathöfn unglíngalandsmótsins á Ísafirði.

var gestum á mótinu boðin ýmis konar afþreying þá daga er þeir dvöldu á Ísafirði. Má þar nefna að á kvöldin voru haldnar skemmtanir við allra hæfi t.d. kvöldvökur og dansleikir.

Sýslumaðurinn á Ísafirði taldi að kvöldvökur og dansleikir gætu ekki talist hluti af íþróttamóti og taldi að um skemmtanaleyfisskylda starf-

semi væri að ræða. Krafi hann mótshaldara um greiðslu 500 þúsund króna í löggæslukostnað. Ungmennafélagið mótmælti gjaldtökunni en greiddi gjaldið engu að síður svo dagskrá mótsins myndi ekki raskast.

Ungmennafélag Íslands stefndi síðar fjármálaráðherra og krafðist þess að ákvörðun sýslumannsins yrði felld úr

gildi og að ríkið endurgreiddi löggæslukostnaðinn með dráttarvöxtum. Þann 27. janúar s.l. vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur málinu frá dómi. Í úrskurði dómsins segir að það sé skilyrði þess að dómstólar leysi úr sakarefni að máli skipti fyrir stefnanda að lögum að fá dóm um það. Taldi dómurinn að þar sem sótt hafi verið um skemmtanaleyfi og greiddur hafi verið löggæslukostnaður þá væru ekki fyrir hendi lögvarðir hagsmunir af úrlausn kröfunnar í dómsmáli.

Ungmennafélagið afryjaði úrskurðinum til Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar er lagt fyrir héraðsdómara að taka þann hluta málsins sem lýtur að kröfunni um endurgreiðslu fjáris til efnisúrlausnar.

– hj@bb.is



## Minnihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur

# Telur fiskvinnslur ráða úthlutun byggðakvóta

Minnihluti bæjarstjórnar Bolungarvíkur telur að með reglum þeim sem bæjarstjórn hefur sett um úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins hafi fiskvinnslur í bænum það í hendi sér hvaða bátar fá úthlutað stærstum hluta byggðakvóta sveitarfélagsins. Þeir telja reglurnar ekki samræmast jafnræðissjónarmiðum. Sem kunnugt er var úthlutað til Bol-

ungarvíkur 100 tonnum af byggðakvóta og ákvað bæjarstjórn að setja reglur um úthlutun kvótans.

Meirihluti bæjarstjórnar vildi að byggðakvótanum yrði skipt í þrennt. Í fyrsta lagi yrði 75 tonnum úthlutað til báta og skipa sem eiga heimahöfn í Bolungarvík. Úthlutun tæki mið af lönduðum afla á staðnum á ákveðnu tímabili og

einungis yrði tekið mið af þeim afla sem færi til fiskvinnslu í Bolungarvík samkvæmt skráningu á hafnarvog. Hámarksúthlutun á bát yrði 20 tonn. Í öðru lagi yrði 20 tonnum úthlutað til báta sem eiga heimahöfn í Bolungarvík og landað var úr þar í bæ afla sem ekki fór til vinnslu á staðnum. Í þriðja lagi yrði 5 tonnum úthlutað til útgerða sem hófu

útgerð á árinu 2004.

Minnihluti bæjarstjórnar lagði til að úthlutun byggðakvótans yrði grundvölluð á samningi þriggja aðila þ.e. fisvinnslufyrirtækja, útgerða og Bolungarvíkurkaupstaðar. Úthlutunin færi fram þann 1. júní og að rétt til úthlutunar hefðu öll skip og bátar sem skráð yrðu í Bolungarvík þann sama dag. Kvótanum yrði síðan skipt á milli einstakra báta miðað við landaðan afla í Bolungarvík á yfirstandandi fiskveiðiári til 1. júní. Útgerð sem sækta um byggðakvóta til bæjaryfirvalda fengi því aðeins úthlutun ef hún skuldbindi sig til að ganga að þeim samningi sem bæjaryfirvöld gerðu við fiskvinnslufyrirtæki í Bolungarvík þar sem kveðið væri á um fast fiskverð. Þær fiskvinnslur sem bæjaryfirvöld myndu semja við myndu skuldbinda sig til að halda uppi fiskvinnslu yfir sumarmánuðina frá 1. júní til 1. september 2005.

Á fundi bæjarstjórnar á dögunum voru tillögur meirihluta bæjarstjórnar samþykktar með fjórum atkvæðum gegn tveimur en einn bæjarfulltrúi sat hjá. Bæjarfulltrúar minnihlutans þau Soffía Vagnsdóttir, Bergur B. Karlsson og Ketill Elías-



Höfnin í Bolungarvík.

son lögðu því farm svohljóðandi bókun: „Í 4. grein reglugerðar um úthlutunarreglur um byggðakvóta nr. 960 frá 6. desember 2004 segir:

„Sveitarstjórnir skulu miða tillögur sínar við það að aflahéimildir sem koma í hlut hvers byggðarlags fari til fiskiskipa, sem gerð eru út frá viðkomandi byggðarlagi og að aflinn verði unninn þar enda verði því við komið. Tillögur sveitarstjórnar skulu byggjast á almennum hlutlægum reglum og skal jafnræðissjónarmið gætt“.

Með framlögðum reglum „hins hnífafna meirihluta“ í Bolungarvík teljum við að ekki sé tillit tekið til jafnræðissjónarmiða þar sem byggðak-

kvóta er skipt í þrjá potta og í þann stærsta geta einungis fáir útgerðaraðilar sótt. Meirihlutinn hefur ekki haft fyrir því að leggja fram lista yfir þá fáu báta sem koma til greina við úthlutun. Í 4. grein reglna meirihlutans um stærsta pottinn eru engin skilyrði sett á fyrsta kaupanda. Þannig er ljóst að fiskvinnslurnar hafa það í hendi sér hvaða bátar muni fá byggðakvóta í framtíðinni komi aftur til úthlutunar. Þá skal bent á að mismunandi dagsetningar eru í reglum meirihlutans þar sem ýmist er miðað við almanaksár eða 1. september 2004. Að ofan sögðu teljum við að brotin sé ekki sé tillit tekið til jafnræðissjónarmiða þar sem byggðak-



Orkubú Vestfjarða hf.

## Óskar eftir afnotum af vatnsveitustíflu í Tungudal

Orkubú Vestfjarða hefur með bréfi til Ísafjarðarbæjar óskað eftir afnotum af stíflu Vatnsveitu Ísafjarðar í Tungudal. Ætlunin er að nýta stífluna til vatnsöflunar Tungudalsvirkjunar sem er í undirbúningi hjá Orkubúinu. Í bréfi fyrirtækisins kemur fram að leggja þurfi 300 mm plastpípu frá stíflunni að væntanlegri inntaksþró fyrir virkjunina sem staðsett verður við útrás affalsvatnsins úr Vestfjarðagöngum. Sem kunnugt er hefur Orkubúíð

verið með virkjun í Tungudal í undirbúningi en ekki hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi fyrir virkjuninni enda er hönnun hennar ekki lokið.

Orkubúíð óskar hins vegar eftir umræddu leyfi til þess að geta lokið hönnun mannvirkjanna. Stífla þessi hefur ekki verið notuð til vatnsöflunar síðan vatnsrennslí úr jarðgöngunum var tengt Vatnsveitu Ísafjarðar. Hins vegar er í bréfi Orkubúsins lagt til að ekki verði hróflað við pípu og krönum Vatnsveitunnar

þannig að hægt verði í framtíðinni að grípa til þeirra ef vatn hættir af einhverjum ástæðum að renna úr göngunum. Einnig er í hugmyndum Orkubúsins reiknað með þeim möguleika að í framtíðinni gæti komið til snjóframleiðslu á skíðasvæðinu í Tungudal, en slík framleiðsla þyrfti töluvert magn af vatni.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vísaði beiðni Orkubúsins til umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar til umsagnar.

## Sjóferðir eina fyrirtækið sem uppfyllti skilyrðin

Allar líkur eru á því að Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar ehf. muni áfram reka ferjuleiðina Vigur-Æðey þó svo að fyrirtækið hafi átt hæsta boð sem barst í rekstur þessarar leiðar og því hafi þess vegna upphaflega verið hafnað. Alls bárust sex boð í reksturinn, en hinum tilboðunum fimm var

hafnað á þeim forsendum að bátar fyrirtækjanna uppfylltu ekki skilyrði.

„Skilyrði er að bátarnir geti flutt í það minnsta 2 tonn og 10 farþega að auki. Hin tilboðin voru að falla á þessu skilyrði. Það hefur verið gert munlegt samkomulag við Sjóferðir Hafsteins og Kidd-

ýjar, en skrifað verður um samning eins fljótt og hægt er. Fyrri samningur fyrirtækisins vegna þessara siglinga rennur út 1. apríl“, segir Kristín Sigurbjörnsdóttir hjá Vegagerð Ríkisins. Aðspurð segir hún of snemmt að nefna nokkrar tölur eða önnur atriði samkomulagsins.—halfdan@bb.is

## Laust starf hjá Landflutningum-Samskipum á Ísafirði

### Þjónustufulltrúi á Ísafirði (vinnutími 8:00-17:00)

Samskip hf. óska eftir að ráða þjónustufulltrúa á skrifstofu Landflutninga-Samskipa á Ísafirði.

#### Starfssvið:

- Ábyrgð á móttöku og afgreiðslu viðskiptavina.
- Yfirumsjón með sjóði og daglegum uppgjörum afgreiðsunnar.
- Skráning fylgibréfa.
- Svára fyrirspurnum viðskiptavina og leysa úr vandamálum þeirra eins og best verður á kosið.
- Samskipti við skrifstofur Samskipa innanlands og umboðsmenn.
- Önnur tilfallandi störf.

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf, velsunarpróf eða hagnýt og góð reynsla af skrifstofustörfum.
- Tölvukunnátta.
- Fágúð framkoma, lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund.

Vinsamlegast leggið inn umsóknir á vef Samskipa, merkt „þjónustufulltrúi – auglýst staða“ fyrir 22. mars nk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Hálfðánsdóttir rekstrarstjóri í síma 858 8855. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Þú getur það með **trukki**

Landflutningar  
SAMSKIP

# Ritstjórnargrein

## Háskólasetur Vestfjarða

Háskólasetur Vestfjarða var formlega stofnað við hátíðlega athöfn í framtíðarhúsnæði setursins í Vestrahúsinu á Ísafirði síðastliðinn laugardag að viðstöddum ráðherra, þingmönnum, fulltrúum háskóla í landinu, ráðamönnum í héraði og gestum.

Meðal viðstaddra var Þorkell Sigurlaugsson, Háskóla Reykjavíkur. Hann kvað stofnun Háskólasetursins vera tímamót í viðhorfi til menntunar og hér væru mikil tækifæri í samstarfi við atvinnulíf. Og hann bætti við: „Ég sé góða tíma hér framundan og þetta mun áreiðanlega að lokum enda með alvöru fullvirkum háskóla.“

Þrjátíu aðilar standa að stofnun Háskólasetursins, þar á meðal allir háskólar landsins. Stöðugildi verða sex. Í áætlun um vöxt og viðgang Háskólasetursins er gert ráð fyrir að eftir fimm ár verði nemendafjöldinn kominn vel á fimmta hundraðið.

Því er ekki að leyna að sá kvíði hefur gert vart við sig að tilkoma Háskólasetursins dragi úr líkum á stofnun alvöru, fullvirkis háskóla, eins og Þorkell Sigurlaugsson orðaði það. Af viðtali við Halldór Halldórsson, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, í blaðinu í dag, má ráða að stofnun Háskólaseturs hafi verið eina leiðin til að þoka málinu áfram: „Menntamálaráðherra vinnur auðvitað í samræmi við þá stefnu sem ákveðin er hverju sinni af stjórnvöldum og þar er frekar talað um fækkun háskóla en fjölgun. Þess vegna verður að fara þær leiðir sem eru færar.“ Aðspurður um frumvarp um háskóla á Vestfjörðum svarar bæjarstjórnirinn: „Ég og allir aðrir sem stöndum að stofnun Háskólaseturs yrðum manna ánægðastir ef slíkt yrði samþykkt, fyrir því höfum við verið að berjast í fjölda ára.“

Bæjarins besta hefur ekki legið á þeirri afstöðu sinni að hér beri að stofna sjálfstæðan háskóla. Þess vegna tókum við heils hugar undir samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 3. febrúar þar sem bæjarstjórnin skoraði „á alla sem hlut eiga að máli, að missa ekki sjónar á markmiðum þeirrar vinnu, sem þegar hefur verið unnin í uppbyggingu háskólasamfélags á Vestfjörðum.“

Fyrsta skrefið er upphaf hvorrar göngu. Í fullvissu þess að ekki verði langt í að næstu skref til fullvirkis, alvöru háskólasamfélags á Vestfjörðum verði tekin, er stofnun Háskólaseturs á Vestfjörðum fagnaðarefni. Þar til lokamarkinu er náð getum við ekki unnt okkur hvíldar.

## Orðrétt af netinu

### Faglegum metnaði fórnað

Ráðning fréttastjóra á fréttastofu Ríkisútvarpsins hefur valdið miklum usla í samfélaginu enda einkennilega að henni staðið. Yfirmaður fréttasviðs mælti með fimm umsækjendum en meirihluti útvarpsráðs, skipaður af Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki, ákvað að ganga þvert á álit yfirmanns fréttasviðs og mæla með öðrum umsækjanda sem hefur staðið sig vel við að selja fiskivogir í Austurlöndum. Útvarpsstjóri staðfesti svo ráðninguna en hefur legið í leyni síðan á fimmtu hæð Útvarps-hússins.

Fréttamenn hafa brugðist æfir við og telja að ráðningin hafi verið hvorttveggja í senn, ófagleg og pólitísk. Málið barst inn í salí Alþingis en þar furðuðu stjórnarliðar sig á þeim hugmyndum að ráðningin væri pólitísk. Sérstaklega furðaði Dagný Jónsdóttir sig enda hefði hún aldrei séð hinn nýbakaða fréttastjóra á framsóknarfundi og átti sú yfirlýsing líklega að veita honum pólitíska fjarvistarönnun.

murinn.is – Katrín Jakobsdóttir

**Útgefandi:** H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564

**Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is

**Fréttastjóri:** Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is – **Bládamenn:** Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is

**Ritstjóri netútgáfu:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

**Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftaverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ISSN 1670 - 021X



## Grunnskólanemendur kynna sér verknám í MÍ

Um 20 grunnskólanemendur kynntu sér verknám sem boðið er upp á í Menntaskólanum á Ísafirði í síðustu viku. Aðspurður segir Guðmundur Einarsson, vélstjórnarkennari og sviðsstjóri verknáms við Menntaskólann, að nemendurnir hafi sjálfir boðið um þessa kynningu. „Mér fannst virkilega gaman að fá þau í heimsókn. Krakkarnir voru mjög áhugasamir“, segir Guðmundur. „Ég vona að einhverjir þeirra eigi eftir að skila sér í verknám, en það er engin spurning að slíkt nám er mjög mikilvægt.“

– halfdan@bb.is

## Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps

# Fellir úr gildi ákvörðun um ávöxtun innlánsfjár

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps ákvað samhljóða í síðustu viku að fella úr gildi ákvörðun sína frá því í síðasta mánuði um að setja 80 milljónir króna í sjóðsstýringu hjá Íslenskum verðbréfum. Þess í stað ákvað hreppsnefndin að taka tilboði Sparisjóðs Vestfirðinga um ávöxtun fjárins. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri segir fjármálmarkaðinn síkvikan og aðstæður fljótur að breytast.



Ómar Már Jónsson sveitarstjóri.

„Þarna er um töliverða fjármuni að ræða fyrir lítið sveitarfélag og því nauðsynlegt að tryggja sem hæsta en um leið sem öruggasta ávöxtun. Tilboð Sparisjóðs Vestfirðinga var þess eðlis að það var ekki hægt að hafna því. Sparisjóðurinn er auk þess mjög öflugur í uppbyggingu atvinnulífs og mannlífs hér um slóðir þannig að þar fara hagsmunir saman. Því er þetta mjög ánægjuleg niðurstaða“ segir Ómar Már.

## Skúli S. Ólafsson, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

# Að hrekja rangfærslur

Halldór Jónsson blaðamaður gerir athugasemd við skrifundirritaðs og Svanlaugar Guðnadóttur í síðasta tölublaði BB undir yfirskriftinni. „Að hrekja eigin svör“. Í grein okkar var þó ekkert hrakið nema rangfærslur Halldórs. Tilefnið var netpistill sem Halldór ritaði þann 2. mars sem hann segir byggja á svari okkar við fyrirspurn nefndarmanns í fræðslunefnd um þróun stöðugilda á Skóla og fjölskylduskrifstofu (SFS). Niðurstaða Halldórs var þessi: „Hafa stöðugildi í þessum málaflokkum nærri fimmfaldast frá árinu 1998“. Þetta er einfaldlega rangt og byggir ekki á því

svari sem við lögðum fram.

Í svari okkar fyrir fræðslunefnd var eingöngu miðað við árin 2002-2005 en skipulag málaflokksins var með öðrum hætti fyrir þann tíma. Á þessum þremur árum hefur stöðugildum fjölgað úr 8,65 í 9,03 eða um 0,38.

Halldór leitaði sjálfur annarra heimilda og skoðaði þróun mála frá árinu 1998 þegar Skólaskrifstofa Vestfjarða sinni stórum hluta þeirra verkefna sem SFS sinnir nú. Við leiðréttum niðurstöður þeirrar heimildarvinnu enda eru þær ekki réttar. Stöðugildi í þessum málaflokki hafa ekki fimmfaldast á þessu tímabili



Skúli S. Ólafsson.

heldur hefur þeim fjölgað um úr rúmlega 7,5 í 9,03.

Í athugasemdum sínum segir Halldór „ólund forstöðu-

manns Skólaskrifstofu og formanns fræðslunefndar í garð BB [er] með ólíkindum“. Það skal tekið fram að svar okkar beindist að Halldóri sjálfum en ekki þeim ágæta miðli sem hann vinnur hjá. Því til áréttingar mæltumst við til þess að ritstjóri blaðsins hefði samband við starfsfólk skrifstofunnar áður en einstakir blaðamenn færu á flug í skrifum sínum. Rétt er að áréttu þau tilmæli því frekari rangfærslum um þessi mál verður svarað.

Skúli S. Ólafsson, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.



Leikskólinn Sólborg á Ísafirði.

**Leikskólastjórar í leikskólum Ísafjarðarbæjar**

# Leggjast gegn útboði mötuneyta

Allir leikskólastjórar í Ísafjarðarbæ leggjast gegn tillögum fjármálastjóra bæjarins um að starfsemi mötuneyta leikskólanna verði boðin út. Þetta kemur fram í bréfi sem leikskólastjórnir sex skrifuðu bæjarráði Ísafjarðarbæjar. Í bréfinu segir m.a.: „Það er eindreginn vilji leikskólastjóra Ísafjarðarbæjar að eldhúsin verði áfram innan leikskólanna og vega þar fyrst og fremst fagleg sjónarmið. Við teljum að eldhús leikskólanna og faglegt starf tengist saman í eina heild og sé hluti af aðal- námskrá leikskóla og að verið sé að bjóða upp á hollan og næringarríkan mat.“ Í bréfinu kemur fram að skýrsla sú sem

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen (VST) vann um rekstur eldhúsanna sýni að þau séu vel rekin og nú þegar sé unnið að frekari hagræðingu í samræmi við tillögur skýrslunnar. Þá segir í bréfinu: „Við teljum það einnig vera umhugsunarvert ef Ísafjarðarbær sér þann kost vænstan í hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins að fækka kvennastörfum.“

Í tillögum þeim og athugasemdum sem fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar sendi bæjarráði fyrir skömmu ræddi hann um tap af rekstri mötuneytanna. Um það atriði segir í bréfi leikskólastjóranna: „Það er alveg ljóst að það kostar sveitarfélög að bjóða upp á

mat í leikskólum og grunn- skólum þar sem maturinn er niðurgreiddur til foreldra, en flest sveitarfélög hafi metnað til þess og telja það þess virði. Í ljósi þess er því spurning hvort að rétt sé að tala um „tap“ á rekstri eða hvort að réttara sé að tala um mótfram- lag bæjarins til reksturs mötu- neyta.“

Í niðurlagi bréfs leikskóla- stjóranna segir: „Að lokum beinum við því til bæjarráðs að farið verði eftir tillögum VST enda er sú skýrsla ítarleg og vel unnin að okkar mati. Niðurstöður skýrslunnar sýna að eldhús leikskólanna eru yfir höfuð vel rekin og að útboð sé alls ekki skynsamlegri né

óðrari kostur.“

Sem kunnugt er gerði fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar nokkrar athugasemdir við skýrslu VST og nefndi nokkrar tölur úr skýrslunni þeim til stuðnings. Í framhaldinu lagði hann meðal annars til að rekstur mötuneytanna á Ísafirði yrði boðinn út. VST gerði mjög alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð fjármálastjórans og fullyrkti að engar þær tölur sem hann nefndi í athuga- semdum sínum ættu við rök að styðjast. Málið var lítið mjög alvarlegum augum og gaf bæjarráð fjármálastjóra kost á að svara hinum alvar- legu athugasemdum VST.

– hj@bb.is



Suðureyri.

**Hættumat á snjóflóðum og skriðuföllum á Þingeyri og Suðureyri**

# Engin íbúðarhús á hættusvæði C

Engin íbúðarhús á Suðureyri og á Þingeyri eru á hættusvæði C samkvæmt niðurstöðum á hættumati á snjóflóðum og skriðuföllum sem hættumatsnefnd Ísafjarðarbæjar kynnti í síðustu viku. Hættusvæði C er efsti stuðull hættumats og á því svæði eru dánarlíkur um þrefalt meiri en í umferðinni á Íslandi. Á Þingeyri eru heldur engin íbúðarhús á hættusvæði B og aðeins þrjú íbúðarhús á hættusvæði A, þ.e. Aðalstræti 39, 41 og 43. Á hættusvæðum A og B eru dán-

arlíkur svipaðar og í umferðinni á Íslandi.

Í niðurstöðum hættumatsins segir að á nokkrum stöðum á Þingeyri sé hættu á aurskriðum og aurlönduðum krapaflóðum og yst í byggðinni sé nokkur hættu á grjóthruni. Slíkt hrún og vatnsflóð geti valdið umtalsverðu eignartjóni en fólk sé ekki hættu búin af völdum þeirra. Í matsskýrslunni er sagt að skurðir ofan byggðarinnar dragi verulega úr áhættu og minnki líkur á tjóni vegna krapaflóða, aur-

skriðna og grjóthruns og því sé mikilvægt að halda skurðunum vel við.

Eins og áður sagði eru engin íbúðarhús á hættusvæði C á Suðureyri en hins vegar eru mannvirki á vegum hitaveitu og Orkubús Vestfjarða á því hættusvæði. Á hættusvæði A og B eru hinsvegar allmörg íbúðarhús að því er kemur fram í skýrslu hættumatsnefndar og er þar um að ræða hættu vegna snjóflóða og aurskriða. Í skýrslunni segir að grjóthrunshætta hafi lítil áhrif

á matið en hana megi einkum rekja til stórgrýtis og steina sem liggja lausir í brún Upsa og draga megi úr hrúni með því að sprengja reglulega lausgrjót þar.

Þá segir í hættumatskýrslu fyrir Suðureyri að ástæða sé til þess að vera á varðbergi þegar snjóflóðahrinur ganga yfir norðanverða Vestfirði. Þá skapist hættu á snjóflóðum úr norðurhlíðum Súgandafjarðar og mögulegum flóðbylgjum sem geta ógnað Suðureyri, einkum höfninni. – hj@bb.is

## NOTAÐIR BÍLAR Á TILBOÐSVERÐI



Toyota Yaris, skr. 05.12.2003. Sjálfstíptur. Ekinn 10 þús. km. Verð 1.395 þús.



Toyota Yaris, skr. 09.04.2003. Sjálfstíptur. Ekinn 10 þús. km. Verð 1.150 þús.



Toyota Corolla, skr. 26.06.2003. Beinskíptur. Ekinn 67 þús. km. Verð 1.320 þús.



Toyota Corolla, skr. 15.05.2003. Beinskíptur. Ekinn 50 þús. km. Verð 1.350 þús. Tilboð 1.190 þús.



Toyota Rav4, skr. 23.04.1999. Beinskíptur. Ekinn 92 þús. km. Verð 1.690 þús. Tilboð 990 þús.



MMC-Pajero díbel, skr. 14.01.1998. Beinskíptur. Ekinn 173 þús. km. Verð 1.420 þús. Tilboð 1.230 þús.



Interpol 1 • Sími 464 288



MMC-Lancer 4x4, skr. 1999. Beinskíptur. Ekinn 32 þús. km. Verð 790 þús. Tilboð 650 þús.



MMC-Lancer 4x4, skr. 1996. Beinskíptur. Ekinn 110 þús. km. Verð 550 þús. Tilboð 390 þús.



Subaru Impreza, skr. 1998. Sjálfstíptur. Ekinn 98 þús. km. Verð 920 þús. Tilboð 590 þús.



Nissan Terrano, skr. 17.11.2000. Sjálfstíptur. Ekinn 143 þús. km. Verð 1.850 þús. Tilboð 1.690 þús.



Suzuki Baleno 4x4, skr. 1997. Beinskíptur. Ekinn 107 þús. km. Verð 580 þús.

Suzuki Vitara á 30°, skr. 1995. Beinskíptur. Ekinn 180 þús. km. Verð 360 þús.

VW-Passat 16V, skr. 28.06.2000. Beinskíptur. Ekinn 78 þús. km. Verð 1.470 þús. Tilboð 1.350 þús.



## Sölubörn vantar!

Sölubörn vantar sem fyrst til afleysinga í nokkur hverfi á Ísafirði. Þá vantar sölubörn til afleysinga í sumar.

Nánari upplýsingar gefur Sigurjón J. Sigurðsson í síma 456 4560.

Bæjarins besta.

# Mikilvægur áfangi í átt að stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum

Háskólaásetur Vestfjarða var stofnað við hátíðlega athöfn á laugardag. Setrið er afrakstur vinnu starfshóps sem menntamálaráðherra skipaði um málið á útmánuðum. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum heimamanna, ráðuneyta og háskóla. Einn nefndarmanna var Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, og ræddi Bæjarins besta við hann degi áður en stofnfundur setursins var haldinn.

Halldór var fenginn til að skýra út væntanlegt hlutverk setursins og sýn þeirra sem að setrinu standa á framtíð háskólamála á Vestfjörðum. Þá var hann beðinn um að svara gagnrýni sem orðið hefur vart við þá leið sem verið er að fara í þessum málum.

## Ætlunin var alltaf að vinna hratt

– Hvenær var byrjað að vinna við undirbúning að stofnun þessa seturs?

„Sú vinna hófst í desember þegar menntamálaráðherra skipaði þennan starfshóp. Ætlunin var alltaf að vinna málið frekar hratt og halda stofnfund í mars. Áður hafði gifurlega mikil vinna verið unnin, m.a. hafði verið skilað þykkri skýrslu um háskólaásetur. Það hefur verið unnið í háskólamálum í fjölda ára og fram hafa komið margar mjög góðar hugmyndir.

Okkar hlutverk var í raun og veru að vinna úr þeim hugmyndum sem þegar höfðu verið settar fram. En ég vil meina að við höfum í raun bætt um betur og séum með mjög metnaðarfulla framsetningu á þessum hugmyndum. Gert hefur verið ráð fyrir 53 milljónum á ári og sex stöðugildum, fyrir utan þau stöðugildi sem verða fjármögnuð sem sérstök þróunarverkefni og þau sem hugsanlega koma frá þeim háskólum sem að setrinu standa. Við þurfum góðan stuðning við fjármögnun frá ríkisstjórn og Alþingi því þessar upphæðir eru miðaðar við fyrsta heila starfsárið. Með auknum verkefnum verður aukin fjármagnspörf.“

## Staðbundið nám á svæðinu

– Hvaðan eiga þessar 53 milljónir að koma?

„Við nýtum okkur þá samninga sem gerðir hafa verið í sambandi við byggðaáætlun, en þar koma þrjú ráðuneyti að málum. Það sem upp á vantar, u.þ.b. 33 milljónir, mun menntamálaráðherra sækja um á fjárlögum. Það höfum við lagt

til við ráðherra sem hefur samþykkt hugmyndirnar fyrir sitt leyti og mun tala fyrir þeim í ríkisstjórn.“

– Nú virðist sem hlutverk Háskólaásetursins verði að mörgu leyti hið sama og hlutverk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða hefur verið. Hvað á Háskólaásetrið að gera umfram það sem Fræðslumiðstöðin hefur verið að gera?

„Helst má nefna að Háskólaásetrið á að þróa staðbundið nám á svæðinu. Það á að bjóða upp á miklu meiri þjónustu við fjarnema en verið hefur. Það á að vera samstarfsaðili rannsóknarstofnana og háskóla, þ.e.a.s. leiða saman nám, rannsóknir og atvinnulíf. Háskólaásetrið verður aftur á móti ekki símenntunarmiðstöð, en það hefur verið hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar hingað til með sífellt meiri þjónustu við háskólanema. Fræðslumiðstöðin hefur unnið mjög gott uppbyggingarstarf í stuðningi við háskólanema og þjónustu vegna fjarkennslunnar.“

Gengið er út frá því í tillögunum að Fræðslumiðstöðin verði áfram til og sinni sínu símenntunarhlutverki áfram. Til einföldunar mun setrið þó sjá um kennsluna, þar sem allt starfsmannahald verður á höndum Háskólaásetursins, en skipulagning símenntunar verður alfarið á könnu Fræðslumiðstöðvar. Taka verður fram að samþykkt hefur verið af stjórn og fulltrúaráði Fræðslumiðstöðvar að ganga til samninga um þessa útfærslu samkvæmt tillögu starfshópsins.“

## Fjölbreytt námsframboð mikilvægt

– Nú hefur verið rætt um að staðbundin háskólaásetur hefjist strax í haust. Hvers konar kennsla verður það?

„Það hefur ekki enn verið ákveðið. Samkvæmt könnunum vilja flestir fara í einhvers konar viðskiptafræðinám eða lögfræðinám. Við eigum að sjálfsgöðu að hlusta á það sem fjölbreyttast nám, en það er líka mikilvægt að við sköpum okkur sérstöðu.“

Segjum sem svo að við værum að fara að stofna háskóla í haust. Háskólinn á Akureyri byrjaði á því að bjóða upp á tvær námsbrautir fyrir þá 20-30 nemendur sem í skólanum voru fyrsta árið. Við gætum þannig séð gert hlutina á sama hátt, en vandamálið er að þegar fólk er spurt að því hvað það vill læra, eru nefndar tugir mismunandi námsgreina. Að sjálfsgöðu er óraunhæft að ætla að



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

hafa hér margar deildir og tugi skora og ef við ætluðum einfaldlega að bjóða upp á það nám sem flestir vilja fara í, myndum við bjóða upp á viðskiptafræði og lögfræði. Þá væri sérstaðan farin fyrir lítið og við værum bara með enn einn háskólann sem býður upp á þessar brautir.

Háskólaásetrið er mjög gott hvað þetta varðar. Hægt er að bjóða upp á miklu fjölbreyttara nám með því að blanda saman staðbundnu námi og fjarnámi. Með tímanum getur setrið þróað sitt eigið nám og nýtt sérstöðu svæðisins til þess.

Annars verður það hlutverk stjórnar setursins og framkvæmdastjóra að ákveða þessa hluti nánar. Tillögur starfshóps menntamálaráðherra eru bara rammur sem hægt er að vinna út frá.“

## Setrið skapi vettvang fyrir háskóla

– Háskólaásetrið á sum sé að gera annað og meira en Fræðslumiðstöðin hefur gert hingað til? Á hlutverk setursins að vera það að undirbúa stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum?

„Já. Ég lít svo á að það eigi að vera stefna stjórnarinnar búa til öflugan háskólavettvang með fjölbreyttu staðnámi og rannsóknum. Þegar nemendafjöldi verður orðinn nógu mikill til að standa undir

rekstri háskóla, lít ég svo á að stjórn Háskólaáseturs, sem verður sjálfseignarstofnun, eigi að taka ákvörðun um það að stofna háskóla.“

– Nú hefur farið fyrir brjóstið á mörgum áhugamönnum um stofnun háskóla að hvergi er minnst á neinar tímasetningar hvað þetta varðar.

„Það er sett fram 5 ára framtíðarsýn hvað varðar nemendafjölda og annað. Mér sýnist að ef þau markmið nást sem þar eru sett fram, verði kominn vettvangur til að reka sjálfstæðan háskóla. Þetta fer að sjálfsgöðu eftir því hvernig okkur tekst að búa til staðnám með sérstöðu.“

## Skorar á þingmenn að leggja fram frumvarp

– Nú eru margir hræddir um að Háskólaásetrið eigi eftir að nýstast stjórnámalöngun til að fela andstöðu sína við stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum. Ef menn meina það sem þeir segja, þá virðist nú þegar vera kominn meirihluti á þingi fyrir því að stofna sjálfstæðan háskóla. Þingmenn flestra flokka tala fyrir því að koma strax á fót sjálfstæðum háskóla. Margir spyrja því hvers vegna járnmið er þá ekki hamrað meðan það er heitt.

„Okkur heimamönnum sem höfum verið að vinna í þessum

málum í fjölda ára finnst rosalega undarlegt að heyra skilaboð frá sumum þingmönnum um að við í bæjarstjórn séum með hugmyndir sem ganga of skammt. Þvílíkur viðsnúningur á staðreyndum. Hvort sem það er meirihluti eða minnihluti bæjarstjórnar, eða sveitarstjórnarmenn annars staðar á Vestfjörðum, þá hafa heimamenn lengi talað fyrir því að stofna hér háskóla. Við reyndum um mjög margar leiðir, til dæmis gerðum við samning 1998 um að koma hjúkrunarfræðinámi af stað.

Frekar en að gera ekkert annað en að ítreka með reglulegu millibili að við viljum háskóla, höfum við leitað allra þeirra leiða sem hafa verið færar við að stofna sjálfstæðan háskóla en fengið þau viðbrögð að betra væri að vinna málið í áföngum. Þá höfum við auðvitað gert það, við töluðum fyrir þessu í okkar eigin byggðaáætlun 2002 og gerðum skýrslu til menntamálaráðherra vorið 2003 um háskólaásetur. Síðan hefur verið unnið að því markmiði í góðu samstarfi við menntamálaráðherra sem hefur fylgt þessu máli mjög vel eftir og sýnt því mikinn velvilja. Menntamálaráðherra vinnur auðvitað í samræmi við þá stefnu sem ákveðin er hverju sinni af stjórnvöldum og þar er frekar talað um fækkun háskóla en fjölgun. Þess vegna verður að

fara þær leiðir sem eru færar eins og stofnun Háskólaáseturs.

Við þá þingmenn sem senda okkur þessi skilaboð segi ég: Vinnið þið bara vinnuna ykkar og leggið fram frumvarp um stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum. Ég og allir aðrir sem stöndum að stofnun Háskólaáseturs yrðum manna ánægðastir ef slíkt frumvarp yrði samþykkt, fyrir því höfum við verið að berjast í fjölda ára. Þessi pólitíski meðbyr sem málið hefur allt í einu á þingi væri ekki ef það væri ekki verið að stíga þetta skref.“

## Ekkert verið að teffa fyrir stofnun háskóla

„Sú leið að stofna Háskólaásetur var farin, einfaldlega vegna þess að hún var fær á meðan allar aðrar leiðir voru ófærar. Þetta var leið sem stjórnvöld gátu sætt sig við. Þess vegna fórum við hana og höfum alla möguleika opna til að setrið geti sem allra fyrst orðið að sjálfstæðum háskóla.“

Fólk verður líka að athuga að þetta skref sem nú er stigið er mjög stórt. Háskólaásetrið verður að mörgu leyti í gildi sjálfstæðs háskóla. Í stað þess að vilja annað hvort allt eða ekkert fannst okkur þetta miklu betri leið og ég hafna því alfarið að verið sé að teffa fyrir stofnun sjálfstæðs háskóla. Enn og aftur ítreka ég



að við myndum fagna ákafast allra ef alþingi samþykkti í vor lög um stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum. Ég skora á þingmenn að gera það telji þeir sig hafa þingstyrk til þess. Þeir hafa ekki sýnt það til þessa og til að breiða yfir það hafa sumir kosið að senda okkur heimamönnum tóninn þegar við erum að vinna vinnuna okkar og náum árangri. Sjálfstæður háskóli er að sjálf-sögðu takmarkið.“

### Hvetur fólk til að læra í heimabyggð

– Þið ætlið ekki að halla ykkur aftur í stólunum eftir að Háskólasetrið er orðið að veruleika? Þið ætlið að halda áfram að berjast fyrir sjálfstæðum háskóla?

„Það ætlum við svo sannarlega að gera. Setrið er áfangi, mjög mikilvægur áfangi og mjög stórt skref í átt að sjálfstæðum háskóla. Það er auðvitað mjög nútímalegur háskóli sem nýtir tæknina út í ystu æsar og tengir saman nám, rannsóknir og atvinnulíf. En við erum ekki hætt.“

Við hvetjum alla sem eru að fara í nám til að leita leiða til að læra í heimabyggð. Háskólasetrið verður öflugur vettvangur fyrir þetta fólk. Það er grundvöllur fyrir stofnun háskóla að fólk nýti sér Háskólasetrið.

Næsta skref er að sjálf-sögðu stofnun háskóla. Það gæti gerst eftir ár, það gæti gerst eftir tvö


ár eða þrjú, það fer eftir verkefnum og fjölgun nemenda.“

– Nú virðist nokkur skotgrafahernaður í gangi innbyrðis meðal heimamanna og annarra í þessu máli.

„Það finnst mér mjög skrítið og ég held að það sé mikill misskilningur í gangi. Allir heimamenn sem hafa tjáð sig um þetta mál eru í grundvallaratriðum sammála: Við viljum öll sjálfstæðan háskóla hið allra fyrsta. Háskólasetrið er mikilvægur áfangi í þá átt, en ekki skref aftur á bak eins og sumir vilja meina. Ég hreinlega skil ekki hvernig menn fá það út.“

Þá virðist einhver misskilningur uppi um það hvar Háskólasetrið á að vera til húsa. Sumir virðast halda að verið sé að gera lítið annað en að flytja Fræðslumiðstöðina í sama húsnæði og hún flutti úr fyrir nokkrum árum vegna þrængsla, en það er mikill misskilningur. Háskólasetrið verður á öðrum stað í Vestrahúsinu þar sem hægt er að koma upp mjög góðri aðstöðu fyrir stað- og fjarnám, og möguleikar til stækkunar eru miklir í allar áttir. Nú er rætt um það í bæjarstjórn í tengslum við endurskoðun á skipulagi að gera ráð fyrir háskólahúsnæði á þessu svæði á Eyri.

Annars vona ég og trúi að við getum öll unnið saman að stofnun sjálfstæðs háskóla, hið allra fyrsta. Við viljum öll nákvæmlega sama hlutinn.“



Teikning af væntanlegum lóðsbát.

### Smíði á nýjum lóðsbát fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar

## Útlit fyrir að samningar takist

Útlit er fyrir að skipasmíðastöðin Cristpolka í Gdansk í Póllandi muni ljúka smíði nýs hafnsögubáts fyrir Ísafjarðarhöfn. Stöðin hefur þegar smíðað skrokk skipins og nú liggja fyrir drög að samningi um lok smíðinnar.

Að sögn Guðmundar Kristjánssonar, hafnarstjóra Ísafjarðarbæjar, yrði báturinn afhentur fullbúinn í 30. viku þessa árs, þ.e.a.s. um mánaðarmótin júlí/ágúst.

Aðspurður segir Guðmundur að kostnaður við smíði báts-

ins verði svipaður og upphaflega var gert ráð fyrir, en þó örlítið hærri. Eins og kunnugt er var á sínum tíma gerður samningur við skipasmíðastöðina Ósey sem samdi við Cristpolka um smíði skrokks bátsins. Í kjölfar uppgjors á

síðasta nýsmíðaverkefni Óseyjar lenti stöðin í miklum rekstrarerfiðleikum. Þá var farið í samningaviðræður við pólsku skipasmíðastöðina og virðast þær viðræður ætla að bera ávöxt.

– halfdan@bb.is

# Hvetjandi hf., eignarhaldsfélag auglýsir eftir umsóknum um kaup félagsins á hlutafé


Tilgangur félagsins er fyrst og fremst að ávaxta hlutafé með þátttöku í nýsköpun og uppbyggingu atvinnutækifæra á norðanverðum Vestfjörðum.

Heimasíða félagsins er [www.hvetjandi.is](http://www.hvetjandi.is) og er þar að finna allar nauðsynlegar upplýsingar um félagið, umsóknareyðublöð og kröfur félagsins vegna þátttöku þess í verkefnum.

Ennfremur er þeim sem áhuga hafa á að kynna sér félagið bent á að hafa samband við framkvæmdastjóra þess, Eirík Finn Greipsson, Aðalstræti 20, Ísafirði (hús Sparisjóðs Vestfirðinga).

Sími 450 4900. Netfang: [hvetjandi@snerpa.is](mailto:hvetjandi@snerpa.is)





# Moskvíts er minn bíll

– viðtal við Þorbjörn Steingrímsson bílasafnara og partasala, þar sem skrúfur koma nokkuð við sögu

Frank Duryea er ekki kunnuglegt nafn. Því síður að margir kannist við manninn sem bar þetta nafn eða vita hvað hann gerði merkilegt um dagana. Ásamt Charles bróður sínum bjó hann til fyrsta bensínbíllinn árið 1893 í Ameríku. Sá bíll var ekki fjöldaframleiddur. Miklu fleiri kannast við Henry Ford enda bjó hann til fyrsta bíllinn sem framleiddur var á færribandi. Það var árið 1909. Fimm árum áður en það gerðist kom fyrsti bíllinn til Íslands. Það var Ditlev Thomsen kaupmaður sem átti hann og var hann af gerðinni Cudell. Þrátt fyrir að ekki sé liðin ein öld frá því að byrjað var að fjöldaframleiða bíla hefur framþróun þeirra verið ótrúlega ör. Líf mannsins hefur breyst í kjölfarið því án efa er bíllinn það tæki sem hvað mestri byltingu olli á síðustu öld. Þó að sá er þetta ritar sé ekki gamall man hann ennþá þann tíma að bíllinn var ekki í eigu allra. Á árunum upp úr 1960 var hægt að lifa eðlilegu fjölskyldulífi án þess að bíll væri til staðar. Og það þótti í sjálfu sér ekkert tiltökumál. Þegar Menntaskólinn á Ísafirði var til húsa í Gamla barnaskólanum voru ekki stór bílastæðin í kring. Skipti ekki máli heldur, því á síðari hluta áttunda áratugar síðustu aldar voru það nánast eingöngu nemendur úr Bolungarvík sem áttu bíl eða komu til skóla á bíl. Nú er öldin önnur. Það sést þegar ekið er framhjá bílastæð-

– Nú ert þú með bílasafn þitt á Garðsstöðum í Djúpi en þar varstu ekki alinn upp á fyrstu árum þínum?  
„Nei, ég átti heima ásamt foreldrum mínum á Hjöllum í Skötufirði. Á þeim tíma var þjóðvegurinn ekki kominn og bærinn því frekar afskekktur og samgöngur erfiðar. Bærinn Hjallar stendur í brattri hlíð og allir aðdrættir voru mjög erfiðir. Helsta samband okkar við umheiminn var með þjónustu Djúpbátsins sem kom tvisvar í viku. Allar vörur sem komu til okkar og fóru frá okkur þurfti að bera um fjöruna. Þabbi sigldi með þær á trill-

unni sinni yfir Skötufjörðinn að Hvítanesi og hann fór síðan ásamt Kristjáni á Hvítanesi til móts við Djúpbátinn. Þetta urðu menn að láta hafa sig í hvernig sem viðraði. Þegar síðan í land var komið til baka varð að bera það sem kom með skipinu upp bratta hlíðina. Við vorum mest með sauðfé en einnig beljur og ávallt var farið með í það minnsta einn mjólkurbrúsa í hverri ferð í Djúpbátinn. Á þessum tíma gerðu menn aðrar kröfur til lífsins en í dag, svo mikið er víst.

Sem dæmi um það hvernig menn lifðu í sátt við náttúruna

um Menntaskólans í dag. Þar sést best hvíllik bylting hefur orðið á stuttum tíma í bílaeign almennings og notkun almennings á þessum þarfa þjóni sínum. Stundum vaknar meira að segja sú spurning hvort maðurinn sé hugsanlega orðinn þræll bílsins, en það er önnur saga. Þorbjörn Steingrímsson er ef til vill ekki kunnuglegt nafn. Því síður að margir kannist við manninn sem ber þetta nafn eða viti hvað hann hefur gert merkilegt um dagana. Bjössu á Garðsstöðum kannast fleiri við og verða hugsí. Þegar Bjössu skrúfa er nefndur til sögunnar taka menn kipp. Flestir ef ekki allir hér vestra og miklu víðar telja sig vita hver hann er. Mjög margir hafa orðið varir við störf hans og hafa borið verk hans augum. Flestir hafa skoðum á því sem hann hefur fyrir stafni í frístundum sínum en þekkja manninn sjálfan þó nánast ekki neitt. Líf hans snýst mikið um bíla. Þeir eru hans stærsta áhugamál. Þegar hann var að alast upp í Ísafjarðardjúpi var ekki kominn þjóðvegur um Djúpið. Þar sem hann ólst upp fyrstu árin var ekki einu sinni rafmagn. Þrátt fyrir fremur ungan aldur er Bjössu í raun tveggja heima maður. Hann upplifði byltingu bíls og samgangna. Það er því tímabært að hann segi lesendum örlítið frá sjálfum sér og áhugamálinu sínu stóra. Sem er stærra og sýnilegra en ýmsir vildu.

á þessum tíma má nefna, að oft féllu snjóflóð skammt frá bænum, en ávallt á sama stað. Ekki varð ég var við að fólk kippti sér upp við þessi flóð. Þetta var einn af þeim hlutum sem fólk bjó við og var vant. Ég er ekki viss um að fólk tæki þessu af eins mikilli rósemi í dag. Ég efast stórlega um það.  
– En það var ekki bara að það vantaði vegasamgöngur á Hjöllum. Ýmislegt fleira skorti, sem þá var farið að telja til lífsnáðsins?  
„Já, að bænum var ekki lagt rafmagn. Við höfðum ljósavél til þess að framleiða það litla

rafmagn sem notað var. Sjónvarp sást ekki heldur á Hjöllum, þannig að það er nú ekki hægt að segja að við höfum verið framarlega í lífsgæðakapphlaupinu.“  
– En síðar flytjið þið á stórbýlið Garðsstaði?  
„Já, það voru mikil viðbrigði að flytja þangað. Þá hafði bærinn verið í eyði í þrjú ár ef ég man rétt. Þar var mun betri húsakostur en á Hjöllum. Íbúðarhúsið var til dæmis langtum betra. Þarna komumst við í vegasamband við umheiminn og þarna var rafmagn og við sáum sjónvarp.“  
– Þannig að viðbrigðin hafa

verið mikil að flytja?

„Já, þau voru mikil. Þrátt fyrir að ekki sé nú langt á milli þessara bæja í kílómetrum talið, þá var eins og að flutt væri milli heima, slíkur var munurinn á aðstæðum. Það var gjörólíkt.“

## Bílasöfnun hefst

– Fékkstu snemma áhuga á bílum?

„Ég hef alltaf haft áhuga á bílum. Ég man ekki eftir mér öðruvísi en með mikinn áhuga á bílum. Ég byrjaði hins vegar að safna bílum árið 1981. Það byrjaði nú bara á því að ég keypti einn og einn bíl og síðan vaðði þetta upp á sig.“

– Nú safna sumir frímerkjum, aðrir pennum og sumir barmmerkjum. Ertu að segja mér að þetta sé bara svipað áhugamál?

„Já, hér áður var þetta þannig hjá mér, að ég safnaði bílum til þess að eiga. Nú er það liðin tíð. Eftir að lögin um skilagjald á bílum tóku gildi er ég hættur að fjölga bílum. Nú kaupir ég eingöngu bíla til niðurrifs. Ég tek úr þeim nýtilega varahluti en skila síðan því sem þá er eftir og fæ greitt skilagjaldið. Bílum í minni eigu á því ekki eftir að fjölga. Skilagjaldið virkar þannig að ég verð að skrá alla bíla í mína eigu áður en þeir eru afskráðir, að öðrum kosti fæst skilagjaldið ekki greitt.“

– Þú getur því ekki skilað inn þeim bílum sem nú eru á Garðsstöðum?

„Nei, hefði ég verið það framsýnn í þá daga að skrá alla þessa bíla á mitt nafn, þá gæti ég skilað þeim inn. En því er ekki að heilsa enda er umræðan um þetta skilagjald

ekki nema nokkurra ára gömul.“

– Hvert er skilagjaldið í dag?  
„Það er í dag 15 þúsund krónur á hvern bíl þannig að það væru því mikil verðmæti fólgin í þeim rúmlega 500 bílum sem eru innfrá í dag. Svo er ekki.“

## Flestar sögur af ást-ríðu orðum auknar

– Nú hafa gengið miklar sögur af áhuga þínum og elju við bílasöfnun þína. Þú ert sagður nota allar lausar stundir til þess að flytja bíla inn á Garðsstaði. Farir þangað dag og nótt. Hvað rekur þig áfram í þessu áhugamáli þínu? Fer ekki óhemju tími í þessa söfnun þína og umsýslu?

„Nei, þessar sögur eru mjög orðum auknar og flestar lygi. Eins og ég sagði, þá byrjaði ég á þessari söfnun árið 1981. Síðan er liðinn nærri því aldarfjórðungur, þannig að þetta eru ekki margir bílar sem ég hef flutt á ári hverju þarna inn eftir. Ég er viss um að ég eyði ekki meiri tíma í þetta áhugamál en margir aðrir í önnur áhugamál. Ég er til dæmis viss um að í mitt áhugamál fara færri tímar en til dæmis hjá þokkalegum áhugamanni í golfi eða frímerkjasöfnun. Mitt áhugamál er bara meira áberandi. Svo einfalt er það.“

– En nú varstu ekki að safna þessu í upphafi til þess að selja?  
„Þetta er nú einn misskilningurinn. Ég hef alla tíð selt varahluti úr þeim bílum sem ég hef safnað. Það hef ég gert frá upphafi. Hins vegar hefur sú saga gengið að ég tími ekki að selja hluti úr bílunum, en það er ekki rétt. Það er allt falt

sem ég á af bílum, nema ein tegund.“

### Af Mossun

– Hvaða tegund er það?

„Það er Moskvítsinn. Það er minn bíll. Ég safna þeim og á þá nokkra.“

– Í huga manns er sá sem á fornbíl eða safnar gömlum bílum yfirleitt að safna amerískum drossúm. Það eru nú ekki margir sem safna Mossun. Af hverju gerir þú það?

„Það kemur nú til vegna þess að það var sá bíll sem ég eignaðist fyrst. Hann var af árgerð 1963 og hann á ég ennþá. Ég eignaðist hann þegar við fluttum á Garðsstaði þegar ég var tólf ára gamall.“

– Varla hefurðu eignast hann tólf ára gamall til þess að horfa í hann þau fimm ár sem liðu þar til þú fékkst bílpróf?

„Nei, ég vona að mér verði ekki refsað úr þessu fyrir að viðurkenna að ég ók honum talsvert þau ár sem liðu þar til ég fékk bílprófið. Mest var það nú heima á túni en ég neita því ekki að ég fór nú aðeins um vegina líka. Umferð var nú ekki mikil í þá daga þannig að maður var nú ekki að trufla neinn. Það var nú öðruvísi tekið á þessum málum í þá daga.“

– Tókstu ástfóstri við Mossann af því að þetta var fyrsti bíllinn sem þú eignaðist eða voru einhverjar aðrar ástæður fyrir því?

„Það var eingöngu vegna þess að þetta var fyrsta tegundin sem ég eignaðist. Það er því eina tegundin sem ég safna í dag og sel ekkert úr.“

– Hvað áttu þá marga í dag?

„Ég á 10-12 slíka bíla en þeir eru nú ekki allir gangfærir. Þeir eru í mjög misjöfnu ásigkomulagi.“

– Nú voru þetta mjög algengir bílar í þá daga. Hvað varð um þá? Var hætt að framleiða þá?

„Ég hef ekki hugmynd um það. Þeir eru mjög fáir orðnir á götunum í dag. Sá sem ég er með í umferð í dag er sá eini hér um slóðir. Hversu margir eru í umferð á landinu veit ég ekki en ég er viss um að þeir eru ekki margir.“

### Aldreí fundið að neinu

– Nú hefur safn þitt á Garðsstöðum vakið mikla athygli á undanförmum áratugum. Fólk hefur ákveðnar skoðanir á þessu safni þínu og þær eru ekki allar jákvæðar í þinn garð. Var strax farið að amast við þessari söfnun þinni á Garðsstöðum?

„Nei, alls ekki. Það var aldrei fundið að þessu við mig beint þrátt fyrir að ég heyrði ýmislegt utan að mér. Það var ekki fyrir en fyrir tveimur árum sem mér barst athugasemd frá einum aðila. Þar með er það nú upp talið. Í framhaldinu urðu einhver bréfaskrif og þau bréf komust í fjölmiðla. En eins og ég sagði áðan, þá hefur þánast aldrei verið fundið að þessu við mig.“

– Er í þínum huga eitthvað athugavert við þetta safn þitt á Garðsstöðum?

„Nei, það get ég ekki séð. Ég get ekki séð hvernig hægt er að banna mönnum að eiga bíla. Ég fæ ekki séð hvaða máli það skiptir hvort þeir eru 10, 50, 100 eða 500. Ég er með þetta safn mitt á minni jörð og ég hlýt að mega ráða því hvernig ég ráðstafa mínum eignum.“

– Þannig að þér finnst þetta safn þitt ekki þess eðlis að það þurfi að vera að gera athugasemdir við það?

„Alls ekki. Það eru miklu fleiri sem ræða þetta safn mitt með jákvæðu hugarfari. Á hverju ári koma nokkur hundruð manns við og biðja um leyfi til þess að skoða safnið. Þetta gerist þrátt fyrir að ég hafi ekki auglýst það opið fyrir ferðamenn eða að það sé merkt á einhvern hátt. Það væri því hægt að hafa af því nokkrar tekjur ef maður vildi og hefði tíma til að sinna því. Þær tekjur mætti síðan margfalda með því að auglýsa þetta og koma á fót einhverri lágmarksaðstöðu. Ég nefni sem dæmi að safnið að Ystafelli í Köldukinn dregur til sín þúsundir gesta á ári hverju og ég efast ekki um að það væri hægt hér líka ef ákvörðun yrði tekin um það.“

### Hægt væri að laða að ferðamenn

– Ertu þá að segja að fólk eigi frekar að ganga til liðs við þig og hefja uppbyggingu á ferðapjónustu á Garðsstöðum í stað þess að vera að amast við þessu safni?


„Já, það má alveg hugsa sér það. Ég er viss um að það væri ekki mikið mál að laða að safninu nokkur þúsund gesti á ári hverju, sem yrðu kærkomin búbót fyrir sveitina. Það er nú líka þannig, að þetta bílasafn mitt hefur nú stundum komið sér vel. Það hefur nú komið fyrir að fjörið á Ögurböllum hefur færst í bílana mína, þannig að þeir hafa oft veitt skjól ef út í það er farið.“

– Þú fellst þá ekki á að þetta safn valdi neinum umhverfisþjöllum og þú ert ekki að minnka við þig?

„Nei, þetta veldur ekki neinum spjöllum og ég er ekki á leiðinni að hætta. Ég hætta aldrei í þessu áhugamáli mínu. Í það minnsta ekki á meðan ég hef áhuga á þessu. Það er alveg á hreinu.“

– Hér á árum áður voru rússnesk skip algeng hér í höfnunum og sjómennirnir keyptu mikið af notuðum bílum. Var þetta ekki mikil samkeppni við þína iðju?

„Alls ekki. Ég skipti sjálfur mjög mikið við þá á tímabili. Ég hætta því hins vegar fljótlega því þeir voru mikið í vöruskiptum og mest var það áfengi. Þegar ég sá að þeir voru farnir að troða inn á menn vóni sem þeir höfðu bruggað sjálfir, þá missti ég áhugann. Ég hreinlega þorði ekki að eiga lengur við það. Ég hafði heldur ekki mikinn áhuga á víninu einu saman.“



### Partasaliinn

– Nú stóttir þú fyrir nokkru um starfsleyfi til partasölu, bæði í Hnífsdal og á Garðsstöðum. Ber það þess merki að þú sért að færa út kvíarnar?

„Nei, alls ekki. Ég ákvað að sækja um þessi leyfi til þess að hafa öll mín mál á hreinu. Ég rek partasölu af krafti og ég er að kaupa marga tjónabíla í dag sem ég ríf og sel í varahluti. Ég er með umsýslu með bíla að atvinnu og til þess að hafa af henni tekjur. Mér líkar þessi vinna vel og hana ætla ég að stunda áfram af fullum krafti.“

– Er góður grundvöllur fyrir svona partasölu hér?

„EKKI allt árið. Mestu umsvifin eru yfir sumarmánuðina. Ef allir mánuðir væru eins og sumarmánuðirnir væri þetta fínt, en svo er ekki. Þetta er hins vegar í stöðugri þróun og hvað framtíðin ber í skauti sér veit ég ekki.“

– Nú reistir þú skemmu á

Garðsstöðum yfir áhugamál þitt. Ertu þar með helstu dýr-gripina?

„Það má orða það þannig. Þar eru þeir bílar sem ég tel mig eiga sem mína eigin bíla. Þar eru Mossarnir mínir og einnig nokkrir traktorar, þannig að þar eru þau farartæki sem ég hugsa mest um.“

– En nú lifir þú ekki að eilífu. Þarna eru 500 bílar sem smám saman ganga úr sér. Er það ekki slæmt fyrir umhverfið? Ekki geta það nú verið kjöraðstæður að geyma bíla á Garðsstöðum. Er ekki mikil selta þarna?

„Jú, satt er það. Ég á eftir að eldast og þá verður ekki mikið mál að hreinsa þetta svæði. Það er ekki flókið mál að fá á svæðið bílapressu og hreinsa þarna til á stuttum tíma. Að þeim tíma er hins vegar ekki komið. Það er rétt, að þarna er alveg ótrúleg selta og það er gaman að fylgjast með hvernig hún vinnur á bílunum og einstökum tegundum. Það er engin ein betri en önnur í því, en

það sem mér hefur komið mest á óvart eru þeir bílar sem sagðir eru galvaniseraðir. Þeir eru ekkert skárri en aðrir bílar, þannig að eitthvað er nú bogið við þær fullyrðingar að þeir eigi ekki að tærast. Það get ég sýnt fram á.“

### Viðurnefnið

– Nú ert þú einn af fjölmörgum Vestfirðingum sem hafa viðurnefni. Fæstir þekkja þig undir þínu skírnarnafni. Er langt síðan farið var að kalla þig Bjössu skrífu?

„Já, blessaður vertu. Það er orðið svo langt síðan að ég man í raun ekki hvernig það þurfaði. Það má segja að nafnið sé helsta vandamálið í viðskiptum mínum með bíla. Það eru svo fáir sem vita mitt rétta nafn og lenda því í mestu erfiðleikum þegar þeir þurfa að hafa uppi á mér. Hverjum dettur í hug að leita að Þorbirni Steingrímssyni í símaskránni þegar hann ætlar að hringja í Bjössu skrífu?“

---

Þorbjörn Steingrímsson, bóndasonur úr Djúpinu, er fyrir löngu orðinn einn af þekktustu borgurum Ísafjarðar. Hann er einn af þessum föstu póstum sem gefa lífinu lit. Lætur skoðanir annarra lítið á sig fá og sinnir sínum verkum og áhugamálum ótraudur. Hann hefur um áratugaskeið unnið á hafnarsvæðinu á Ísafirði. Hefur upplifað þar tímána tvenna þrátt fyrir að vera ennþá ungur maður. Hann vinnur líka í nágreppi við helstu perlu okkar, safnahúsin í Neðstakaupstað. Þangað koma þúsundir ferðamanna á ári hverju. Tæplegar flykkjast þeir þangað vegna hins snyrtilega umhverfis sem fær að skiptum mínum með bíla. Það eru svo fáir sem vita mitt rétta nafn og lenda því í mestu erfiðleikum þegar þeir þurfa að hafa uppi á mér. Hverjum dettur í hug að leita að Þorbirni Steingrímssyni í símaskránni þegar hann ætlar að hringja í Bjössu skrífu?“

– Halldór Jónsson.

Arnór Guðmundsson, formaður nefndar menntamálaráðherra um stofnun þekkingarseturs á Vestfjörðum

# Nefndin um hafði ekki umboð til stofnunar sjálfstæðs háskóla

Arnór Guðmundsson, formaður nefndar menntamálaráðherra um stofnun þekkingarseturs á Vestfjörðum, segir nefndina hafa verið setta á lagginnar til þess að stofna þekkingarsetur en ekki sjálfstæðan háskóla á Vestfjörðum. Engin ósk hafi komið um breytingar á starfi nefndarinnar þrátt fyrir mikla umræðu og kröfur að undanförunum um að stofnaður verði sjálfstæður háskóli á Vestfjörðum. Hann segir enga stefnumörkun hafa átt sér stað í þá átt að væntanlegt háskólaset próist í sjálfstæðan háskóla en hins vegar sé slíkt mögulegt í framtíðinni. Miklar kröfur séu gerðar til háskóla og þær kröfur þurfi að uppfylla. Í gær var haldinn almennur fundur á Ísafirði þar sem undirbúningsnefnd að stofnun háskólaseturs Vestfjarða kynnti fyrirhugaða stofnun Háskólaseturs Vestfjarða.

Á fundinn sem haldinn var í

síðustu viku mættu milli 40 og 50 manns að sögn Arnórs. Hann segist ánægður með fundinn og að þar hafi mörg sjónarmið komið fram. Sem kunnug er hefur mikil umræða farið fram um hugsanlega stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum. Aðspurður hvers vegna það skref hafi ekki verið stigið nú segir Arnór að sú nefnd sem hann var í forsvari fyrir hafi haft umboð til stofnunar þekkingarseturs á Vestfjörðum og eftir því hafi verið unnið. „Menntamálaráðherra setti þessari nefnd það umboð að gera tillögur um stofnun þekkingarseturs Vestfjarða þannig að ekki var annað uppi á borðinu hjá nefndinni. Ráðherra hefur væntanlega sín rök fyrir því að vænlegra sé að taka þetta skref nú að byggja upp starfsemi með þessum hætti“, segir Arnór.

Eftir að nefndin var skipuð samþykkti flokksþing Framsóknarflokksins ályktun um að



Stefnt er að því að Háskólasetur Vestfjarða verði til staðar í Vestrahúsinu á Ísafirði.

stofna skuli háskóla á Vestfjörðum innan þriggja ára. Arnór segir að engin tilmæli hafi borist nefndinni um breyttar áherslur í kjölfarið. „Okkar tillögur voru kynntar í ríkisstjórn í síðustu viku og okkur bárust engar óskir um að breyta okkar vinnu.“

Eins og fram kom í frétt á bb.is í síðustu viku er margt af því sem væntanlegu háskólasetri er ætlað að sinna á könnu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða í dag. Þær spurningar hafa því vaknað hvaða raunverulegur munur sé á þessum stofnunum. Arnór segir grundvallarmuninn liggja í tengingunni við rannsóknir. „Starf háskólasetursins á að byggjast upp í framtíðinni að skapa grundvöll fyrir háskólanema í framhaldsnámi og doktorsnámi til þess að koma og stunda rannsóknir í tengslum við vísindamenn hér fyrir vestan. Því verður sá þáttur háskólastarfseminnar mun sterkari en hann er í dag

hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Fræðslumiðstöðin hefur ekki haft skýrt hlutverk í háskólamenntun sem hins vegar er skýrt skilgreint í starfi háskólasetursins. Sú starfsemi þ.e. stuðningur við nemendur í fjarnámi verður mjög eflid og einnig er gert ráð fyrir staðbundinni kennslu að einhverju marki sem ekki hefur verið til staðar í starfi Fræðslumiðstöðvarinnar.“

Aðspurður hver verði þá framtíð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða eftir að væntanlegt háskólasetur hefur tekið við nokkrum af verkefnum hennar segir Arnór að undirbúningsnefndin telji mjög mikilvægt að fulltrúaráð og stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar verði áfram til staðar. „Þannig verða tryggð ákveðin tengsl við grasrótna hér fyrir vestan varðandi þörfina á símenntun. Stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar mun því móta stefnuna í símenntunarmálum, gerir síðan samning við háskólasetrið um fram-

kvæmd hennar og sinnir tengslum við þá starfsmenn setursins sem sinna þeim málum“, segir Arnór.

Eins og áður sagði hefur farið fram mikil umræða um hugsanlega stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum og hafa ýmsir nefnt að fyrirhugað Háskólasetur Vestfjarða sé ákveðið skref í þá átt. Samkvæmt skipulagsskrá væntanlegs háskólaseturs er gert ráð fyrir aðild starfandi háskóla landsins að setrinu. Aðspurður hvort væntanleg stjórn háskólaseturs og stjórnendur þess geti beitt kröftum sínum í þá átt að hér verði stofnaður sjálfstæður háskóli segir Arnór að það muni auðvitað velta á þeirri uppbyggingu sem verður á starfseminni í framtíðinni. „Það eru mjög skýrar kröfur gerðar til starfsemi háskóla og því þarf að vinna í því að uppfylla þau skilyrði áður en óskað er eftir því að hér verði stofnaður háskóli. Stjórn háskólasetursins þarf í upphafi

að byggja upp faglegt starf og í framhaldi af því kemur í ljós hvort menn standa undir frekari kröfum.“

Það hefur vakið athygli að í skipulagsskrá væntanlegs háskólaseturs kemur ekkert fram um að stefnt skuli að stofnun sjálfstæðs háskóla. Aðspurður hvort það sé því nokkuð sem segir að svo verði í framtíðinni segir Arnór að það verði stjórnar setursins að ákveða. „Sú stefnumörkun fór ekki fram í nefndinni enda hafði hún ekkert umboð til slíkra hluta.“

Í fjárhagsáætlun Háskólasetursins er ekki gert ráð fyrir hvernig afla skyldi tekna að upphæð um 32 milljóna króna. Arnór segir að það sé sá hluti sem reiknað sé með af komi af fjárlögum á hvert til starfseminnar og þessa dagana sé verið að ganga frá þeim hlutum. Arnór segir að reiknað sé með því að starfsemi geti hafist í haust.

– hj@bb.is



## ÚTBOÐ: AUSTURVEGUR 2

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Austurvegur 2, viðbygging og anddyri.“

Helstu magnþölur:

Mótauppláttur	105m <sup>2</sup>
Steinsteypa	24m <sup>3</sup>
Rífa ramp og anddyri	40m <sup>2</sup>

Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 20. ágúst 2005. Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Tilboðin verða opnuð **þriðjudaginn 5. apríl nk. kl. 11:30** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## ÚTBOÐ: GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Grunnskólinn á Ísafirði, Austurvegur 2, viðgerðir utanhúss.“

Helstu magnþölur:

Glerskipti	93m <sup>2</sup>
Málun	540m <sup>2</sup>

Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 20. ágúst 2005. Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Tilboðin verða opnuð **þriðjudaginn 5. apríl nk. kl. 11:00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

## Stjórn foreldrafélags Menntaskólans á Ísafirði

# Vegið að starfi MÍ á neikvæðan hátt

Stjórn foreldrafélags Menntaskólans á Ísafirði kom saman til fundar á þriðjudag síðustu viku og ályktaði í tilefni af fréttalutningi DV um starfið í menntaskólanum og störf Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara. Eftirfarandi ályktun samþykkt: „Stjórn foreldrafélags Menntaskólans á Ísafirði þykir miður að

í fréttablaðinu DV hafi þriðjudaginn 8. mars 2005 birst frétt þar sem á neikvæðan hátt er vegið að starfinu í skólanum og þá sérstaklega að skólameistara og hennar störfum. Stjórn foreldrafélags MÍ vísar á bug slíkum neikvæðum fréttalutningi.

Á undanförunum þremur árum hefur skólinn eflst til mikilla muna sem lýsir sér í met-

fjölda nemenda, velmenntuðum og hæfari kennurum, betri árangri nemenda í námi og á prófum, mjög öflugum félagslífi og í margvíslegum nýjungum hvað varðar námsframboð og stjórnun skólans. Það er breiður hópur foreldra og forráðamanna nemenda við skólann, sem standa vilja að baki stjórnendum og starfslíði skólans, í þeirra mikla og oft óeigin-

gjarna starfi að undirbúa börnin okkar til að takast á við frekara nám og lífið að skólagöngunni í menntaskólanum lokinni.“

Undir ályktunina rita Þórir Sveinsson, Björn Jóhannesson, Eiríkur Finnur Greipsson og Hilmar Pálsson. Sigurður Pétursson lét bóka hjásetu sína vegna tengsla við aðila málsins. – bb@bb.is

## Grunnvíkingafélagið 50 ára

## „Mikil gleði og ánægja hjá fólki“

Á annað hundrað manns fögnuðu fimmtugsafmæli Grunnvíkingafélagsins í sal Frímúrara á Ísafirði á laugardag. „Mikil gleði og ánægja var hjá fólki með að koma saman á þessum tímamótum félagsins og fögnuðurinn gekk ljómandi vel“, segir Ingi Jóhannesson sem sæti á í stjórn félagsins. Boðið var upp á heimatilbúin skemmtiatriði og að borðhaldi loknu léku Baldur og Margrét fyrir dansi. „Þetta var heilmikið stuð og Margrét og Baldur komu alla leið að sunnan til að spila fyrir okkur“, segir Ingi. Grunnvíkingafélagið á Ísafirði var stofnað þann

24. mars 1955 í samkomusal Norðrúpólsins á Ísafirði. Stofnfélagar voru 34. Félagið hefur starfað óslitið síðan og eru félagsmenn núna skráðir um 150. Félagið hefur verið vettvangur Grunnvíkinga og afkomenda þeirra til að hittast, skiptast á skoðunum og gera sér glaðan dag, meðal annars hefur frá upphafi verið árlega haldin árshátíð eða þorrablót og félagsmenn hafa farið saman í sumarferðir. Þorsteinn J. Tómasson kom við í afmælinu og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast í svipmyndum á bb.is í vikunni. – *thelma@bb.is*



## Tilboð óskast!

Til sölu er Aðalgata 14, Félagsheimilið á Suðureyri. Um er að ræða 260m<sup>2</sup> steinsteypt hús, byggt árið 1945.

Tekið er við tilboðum og nánari upplýsingar gefnar á skrifstofu minni.

Tryggvi Guðmundsson hf.,  
Hafrarstræti 1, 400 Ísafirði  
sími 456 3244 – [www.tg.is](http://www.tg.is)

## Yfirlýsing frá stjórnendum Menntaskólans á Ísafirði

## „Hafa skal það sem sannara reynist“

Stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði segja að umfjöllun sem fram hefur farið undanfarna daga á síðum DV sé fáheyrð atлага gegn skólanum og hafi valdið ómældum skaða. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem þeir hafa sent frá sér. Yfirlýsingin er svohljóðandi: „Síðustu daga hafa lesendur DV orðið vitni að einkar ómaklegri umfjöllun um Menntaskólann á Ísafirði og skólameistara hans. Undirrot þeirra skrifa virðist vera sú staðreynd að starfsmaður sem áminntur hefur verið fyrir vanrækslu í starfi vill ekki una áminningunni og hefur höfðað einkamál á hendur skólanum

til ógildingar. Af þessu spratt umfjöllun í blaðinu þar sem dregin hefur verið upp ófögur mynd af stjórnarháttum skólameistara og samskiptum hans við starfsfólk skólans og nemendur. Hefur sú umfjöllun verið í véfréttastíl, byggð á nafnlausum heimildarmönnum sem ekki hafa þor eða manndóm til að tala í eigin nafni.

Fjölyrt hefur verið um „stjórnsýslukæru“ eina eða fleiri og hafðar uppi ærumeiðandi fullyrðingar um stjórnarhátti innan skólans. Saklaust fólk sem engan hlut á að máli hefur verið dregið inn í þessa umræðu með ómaklegum hætti, nemendur, kennarar og

nú síðast fyrverandi fjármála-fulltrúi, traustur starfsmaður til margra ára, sem er að ljúka farsælum starfsferli við skólann.

Undirritaðir stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði lýsa hér með vanþökun á þeim málalíbúnaði sem settur hefur verið fram í blaðinu. Við fullyrðum að milli stjórnenda og annarra starfsmanna skólans ríki eðlilegir samskiptahættir og almenn háttvísi. Jafnframt upplýsum við að engin stjórnsýslukæra hefur verið lögð fram gegn skólanum vegna stjórnarháttanna þar innan dyra. Hins vegar hefur, eins og fram er komið, einn starfsmaður

höfðað einkamál á hendur skólanum vegna áminningar fyrir vanrækslu í starfi sem viðkomandi vill ekki sæta og verður það mál tekið fyrir í héraðsdómi Vestfjarða innan fárra vikna. Í því tilviki reyndist ekki grundvöllur fyrir stjórnsýslukæru og því var verið fram í blaðinu. Dylgjur um að „fleiri mál“ hafi verið höfðuð gegn skólanum eru ósannindi eftir því sem við vitum best á þessari stundu. Fullyrðingur blaðsins um „hrikalegt“ andrúmsloft innan veggja skólans urðu fyrst að veruleika daginn sem blaðið hóf sína fáheyrðu atlögu gegn vinnustað okkar og mannróði skóla-

meistara í skjóli nafnlausra heimildarmanna. Sú ófrægjarherferð hefur nú þegar valdið ómældum skaða.

Undanfarin ár hefur verið unnið mikið og öflugt uppbyggingarstarf við Menntaskólann á Ísafirði þar sem kröfur eru gerðar til bæði nemenda á skólanum sem góðan og skapandi vinnustað. Við óskum þess hér með að skólasamfélagi okkar verði nú gefinn starfsfriður til að vinna úr þeim erfiðu aðstæðum sem skapast hafa í kjölfar þessarar blaðumfjöllunar.“

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari, Guðbjartur Ólason, aðstoðarskólameistari, Guðmundur Þór Gunnarsson, áfangastjóri, Gísli Halldórsson, fjármálastjóri, Stella Hjaltadóttir, námsráðgjafi.



# Læknaðist fyrir bæni til Guðs

**Helga Benediksdóttir fékk heilablóðfall fyrir tíu árum. Hún er nú öryrki og býr með manni sínum á Ísafirði. Oft má sjá Helgu á ferðinni um bæinn að safna dósom, sem hún gerir einkum til að fá hreyfingu og útivist. Hún er mjög trúuð og hefur treyst á Guð í veikindum sínum. Helga féllst á að segja Bæjarins besta frá sjálfri sér, kraftaverkunum í lífi hennar og dósasöfnuninni. Blaðamaður hitti Helgu á hlýlegu heimili hennar. Hún segir frá lífsreynslu sinni á einlægum hátt og byrjar á uppruna sínum.**

„Ég er fædd og uppalin á Dranganesi í Strandasýslu. Maðurinn minn er fæddur Strandamaður en uppalinn í Hvammi í Dölum. Ég á fjögur börn og ellefu barnabörn. Við

hjónin fluttum 1966 úr Reykjavík til Hnífssdals og síðan á Ísafjörð 1991. Ástæðan fyrir flutningnum vestur var bæði húsnæði og atvinna en mér fannst óöryggi að búa með

börn í Reykjavík. Það var allt annað fyrir vestan og einnig var hér meiri vinna á þeim tíma. Ég vann í fiski en hætti að vinna snemma árs 1995 þegar ég fékk heilablæðingu. Ég hafði fundið til í höfðinu af og til í vinnunni en tók bara alltaf verkjalyf. Eitt skiptið fékk ég svo ægilegar höfuðkvalir að samstarfskona mín þurfti að aðstoða mig við að þvo svuntuna að loknum vinnudegi. Ég hvíldi mig, tók verkjalyf og þetta leið hjá. Ég fór til læknis sem sagði mér að fyrst þetta hefði líðið hjá, þá væri allt í lagi.“

## Erfitt ferðalag og höfuðáðgerð

„Skömmu seinna fór ég suður að heimsækja dóttur mína sem bjó í Vestmannaeyjum. Ég var í frí frá vinnu og ákvað að fara þessa ferð. Með mér fór sonardóttir mín, sem þá var fimm ára gömul. Við vorum dymbilvikuna í Eyjum og héldum heim á leið á annan í páskum. Við fórum úr vélinni frá Vestmannaeyjum beint yfir í flugvél til Ísafjarðar. Vélin var um tvo tíma í loftinu áður en hún sneri við. Það var svo hræðilegt veður fyrir vestan. Ég veit að ef ég hefði verið á Ísafirði þegar heilablæðingin átti sér stað hefði ég ekki komist suður og ekki lifað hana af.

Við vorum látnar bíða á flugvöllinum í Reykjavík því

það átti að reyna aftur flug seinna. Eftir dálítið langan tíma var kallað aftur út í vél en mér fannst það vera brjálæði að reyna að fljúga í slíku veðri. Við lögðum þó aftur af stað. Þá byrjaði ég að finna til í maganum og varð óglatt. Ég hélt þó að ég væri ekki flugveik. Þá byrjaði sonardóttir mín litla að syngja. Það var eins og englasöngur. Ég gleymdi sjálfri mér og hlustaði á hana. Þetta var trúarlegur söngur sem ég kunni ekki almenninga þá en lærði seinna og er nú í miklu uppáhaldi hjá mér.

Seinni flugvélin var eins lengi á lofti og hin en aftur þurftum við að snúa við. Þegar

við komum á flugvöllinn í Reykjavík vissi ég ekki hvað ég átti að gera. Ég hringdi í tengdadóttur mína og hún fann númerið hjá vinkonu minni sem hafði búið á Ísafirði en var flutt suður. Hún sótti mig og barnabarnið mitt og fór með okkur heim til sín. Þegar við vorum að ganga upp á tröppurnar hjá henni hvolfdust yfir mig þessar ægilegu höfuðkvalir og ég sagði henni frá því. Hún sagði mér að leggjast upp í rúm og reyna að hvíla mig. Hún gaf mér verkjatöflu sem virkaði ekki neitt.

Það var eins og vinkona mín vissi nákvæmlega hvað hún átti að gera. Hún sagðist ætla að koma mér til læknis og ég

● Sælkeri vikunnar · Sigríður Brynja Friðriksdóttir á Ísafirði

## Kjúklingaréttur og Tobleronekaka

Sælkeri vikunnar býður upp á kjúklingarétt í ofni og mælir með því að bera réttinn fram með frönskum kartöflum og/eða fersku salati. Einnig býður Sigríður Brynja upp á freistandi Tobleronekoku sem enginn sannur súkkulaðiunnandi ætti að vera svikinn af.

### Kjúklingaréttur í ofni

1 kjúklingur (meðalstór)  
1 poki hrísgrjón  
1 piparostur  
1 peli rjómi  
1 rauð paprika  
Spergilkál

Skinkubúnt  
Nokkrir sveppir  
Majónes  
Súrmjólk  
Karrý  
Ostur  
Steikið kjúklinginn í ofni. Setjið hrísgrjón í eldfast mót. Hreinsið kjúklinginn af beinunum og setjið í mótið. Bræðið piparost og rjóma saman og hellið yfir. Steikið sveppi, skerðið paprika og skinku og rífið niður spergilkál og setjið í mótið. Hrærið saman. Hellið 3-4 msk af súrmjólk, majónesi og karrý yfir og setjið ost yfir. Bakið í ofni í 15-20 mínútur við 180°.

### Toblerone kaka

4 egg  
¼ bolli sykur  
100 g smjör  
1 tsk vanilludropar  
½ tsk salt  
½ bolli hveiti  
1 bolli hveiti  
½ tsk lyftiduft  
½ tsk matarsódi  
1 bolli saxaðar valhnetur  
100 g venjulegt Toblerone

Hrærið sykur og egg saman þar til það er orðið létt og ljóst. Bætið smjöri, vanilludropum og salti við og hrærið vel. Látið síðan þurrfinn, valhnetur og súkkulaðibita út í og hrærið varlega saman. Athugið að hræra ekki lengur en nauðsynlegt er. Setjið deigið í



tvö tertuform og bakið við 180° í 20 mín. Kælið botnana og leggið þá saman með smjörkremlu á milli.

### Krem:

200 g venjulegt Toblerone  
1 peli rjómi  
Bræðið Tobleronið og kælið. Þeytið rjómann og smyrjið alla kókuna. Látið hana standa

í ísskáp í 2-3 klukkustundir áður en hún er borin fram. Ég skora á Elínu Hólm Pálsdóttur á Ísafirði að vera næsti sælkeri vikunnar.

skyldi lækna af þessu. Ég leyfði henni að ráða. Hún hringdi upp á Borgarspítala og þangað átti ég að fara. Hún spurði hvort ég treysti mér að ganga út í bíl ef ég væri studd en ég var alveg búin að vera. Þá ákvað hún að hringja á sjúkrahúsi. Vinkona mín sá um sonardóttur mína en hún átti stelpu á sama aldri og þær þekktust frá því á Ísafirði. Ég var flutt á spítalann og kvöldið eftir var gerð á mér höfuðaðgerð. Það var 18. apríl. Ég kom ekki heim fyrr en 4. maí en svo er Guði fyrir að þakka að ég komst yfirleitt heim aftur. Mikið var beðið fyrir mér og það var bara fyrir bæn til Guðs að ég læknaðist.“

**Guð gaf mér styrk í draumi**

– Hvað var það nákvæmlega sem amaði að?

„Ég var með gúlp á æð í höfðinu og hann sprakk. Þegar ég kom á spítalann var hann þegar sprunginn. Ég er ennþá með tvo gúlpa í höfðinu sem reglulega hefur verið fylgst með en þeir hafa ekkert stækkað. Nú stendur til að taka þá. Það eru að koma sænskir sérfræðingar til landsins. Þeir voru hérna í lok nóvember en þá vildi ég ekki fara því það var svo stutt í jólin. Seinna hugsaði ég að kannski hefði ég átt að fara þá en þeir eiga koma aftur eftir 6-8 mánuði og þá fer ég. Þá á að taka bara annan gúlpinn því ekki er hægt að taka þá báða í einu. Ég er orðin sátt við að hafa þetta og hef aldrei orðið hrædd við það. Það er Guði fyrir að þakka því að ég er annars ekki svo kjörkuuð.“



aldrei hrædd. Ég fann allan tímann að Guð styrkti mig.“

**Fæ hreyfingu við að tína dósir**

„Ég lenti í slysi núna rétt fyrir jólin þegar ég var árla morguns úti að tína dósir. Ég lenti á hálkubletti og datt. Enginn var nálægt og ég hélt að ég gæti ekki staðið upp. En það stendur í Biblíunni, að allt megna ég fyrir hjálp hans sem mig styrka gjörir. Það kom enginn maður að hjálpa mér en ég kallaði á Jesú og rétt í því gat ég staðið upp. Ég komst af sjálfsdáðum heim og vakti manninn minn og fór upp á sjúkrahús. Þetta var 18. desember og ég var nú ekki með það í huganum að ég kæmist ekki heim strax. En ég fékk ekki að fara heim fyrr en á hádegi á aðfangadag.“

Þegar ég kom heim var búið að skúra og fínþússa allt út að dyrum. Sonur minn og tengdadtóttir höfðu staðið fyrir því og foreldrar hennar buðu okkur í mat um kvöldið. Ég var því eins og prinsessan á bauninni og þurfti ekki að sjá um neitt. Ég fór að tína dósir af því að ég fékk svo mikla hreyfingu við það og það er gott fyrir blóðrásina. Einnig blöskraði mér ruslið út um allt og vildi því taka til hendinni. Ég byrjaði að þvika á því árið 1999. Maður fær vellíðan út úr hreyfingu. Ég finn það núna þegar ég get ekki farið út meðan ég jafna mig eftir slysið, hvað útíveran gefur manni mikið. Það er mjög misjafnt hversu langt ég geng og ekkert skipulagt fyrirfram. Ég geng mest um í bæn-um. Ferð niður á höfn og til baka er ágætis göngutúr. Ég

sakna þess mikið að geta ekki farið út að ganga. En núna hefur færðin verið svo leiðinleg. Maður þorir ekki út þegar er svona mikil hálfka.“

– Er þetta mikið sem þú ert að safna?

„Það getur verið misjafnt. Þetta er þó aldrei eins mikið og í sögunum sem koma úr Reykjavík. Það er þekkt ekki hér og ég var dálítið hissa þegar ég heyrði um magnið sem verið er að safna þar. Fólk hefur oft komið heim til mín og gefið mér dósir og einnig hefur fólk stöðvað bíla sína þegar ég hef verið úti að ganga og gefið mér úr þeim.“

– Er þetta góð búbót?

„Þetta gefur alltaf einhverja aura en þetta er ekkert til að byggja á eins og atvinnu. Það eru nú krónur fyrir stykkið. Hundrað stykki gera þannig 900 krónur svo þetta eru ekki miklar upphæðir. Maðurinn minn hefur hjálpað mér að fara með dósirnar í móttökuna. Mér finnst ekki neikvætt að gera þetta og skammast mín ekkert fyrir það en vil þó helst ekki tala mikið um það.“

– Hefurðu fundið fyrir forðum vegna dósasöfnunarinnar?

„Yfirleitt ekki. Það er þá er bara einn og einn og þá bara fólk sem eitthvað er að. Því líður eitthvað illa. Fólk er frekar jákvætt og sérstaklega unga fólklið sem er alveg yndislegt. Það hefur oft hjálpað mér. Eldra fólk hefur líka hjálpað mér.“

– Etlarðu ekki að halda áfram að fara í göngutúra og safna dósnum þegar þú jafnar þig?

„Maður getur aldrei ákveðið neitt svoleiðis fyrirfram. Það er bara Guð einn sem veit hvað

verður“, segir Helga Benediktstóttir, sem treystir á trúna til að komast í gegnum lífsins erfiðu stundir.

– thelma@bb.is

**Framkvæmdastjóri Hrafnsseyrarnefndar**

Hrafnsseyrarnefnd auglýsir starf framkvæmdastjóra nefndarinnar laust til umsóknar. Starfið er hlutastarf (um 40% ársverk), en fullt starf yfir sumarið og felst í umsjón og uppbyggingu Hrafnsseyrar við Arnarfjörð, stefnumótun og rekstri safns Jóns Sigurðssonar forseta og veitingarekstri í burstabæ, undir stjórn Hrafnsseyrarnefndar.

Á jörðinni eru um 9ha véltæk tún, tvö hundruð kinda fjárhús og hlaða og tvær íbúðir eru í íbúðarhúsinu á Hrafnsseyri. Jörðin er í ábúð til vors. Ábúð á jörðinni er ekki skilyrði fyrir veitingu starfs, né veturseta. Búseta á Hrafnsseyri yfir sumarið er þó skilyrði. Af umsækjendum er krafist góðrar alhliða menntunar; reynsla af rekstri og markaðsmálum er æskileg. Hæfni í mannlegum samskiptum og góð almenn þekking á menningarsögu, lífi og starfi Jóns Sigurðssonar, er nauðsynleg.

Umsóknarfrestur um starfið er til 31. mars 2005 og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst. Umsókn skal merkt „Hrafnsseyri 2005 - starf framkvæmdastjóra.“ Öllum umsóknum verður svarað.

Umsókn með starfsferilskrá, meðmæling og öðru því sem umsækjendur óska að koma á framfæri við nefndina, skal skilað til formanns nefndarinnar, Eiríks F Greipssonar Grundarstíg 2, 425 Flateyri, sem jafnframt veitir allar nánari upplýsingar um starfið. Sími 450-4900 á vinnutíma, eða GSM 898-5200. Netfang er efg@spvf.is eða efg567@simnet.is Um staðinn og Jón Sigurðsson forseta má fræðast á slóðinni www.hrafnsseyri.is

**Fasteignasala**  
Tryggvi Guðmundsson hdl.  
www.tg.is

**Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!**

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
Hafnarstræti 1 - Ísafirði  
Sími: 456 3244  
Fax: 456 4547  
Netfang: efgn@tg.is  
Helmasíða: www.tg.is

**Einbýlishús/raðhús:**

**Seljalandsvegur 48:** 188 m<sup>2</sup> nýlegt einbýlishús á þremur pöllum með innbyggðri bílgeymslu. Verð 16,0 m.kr.

**Seljalandsvegur 54:** 113 m<sup>2</sup> nýlega uppgerð einbýlishús á tveimur hæðum. Verð 10,5 m.kr.

**Hjallavegur 21:** Stórt og glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með innb. tvöfaldrí bílgeymslu. Fallett útsýni. Verð 16,6 m.kr

**Garðavegur 1, Hnifsdal:** 97 m<sup>2</sup> steinsteypt einbýlishús á einni hæð ásamt 44 m<sup>2</sup> bílskúr, mikið endurnýjað. Verð 7,9 m.kr

**Sundstræti 39:** 227,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og nýjum bílskúr. Mikið uppgerð. Verð 12,0 m.kr.

**Bakkavegur 8, Hnifsdal:** 182 m<sup>2</sup> steinsteypt einbýlishús með bílskúr. Verð 5,2 m.kr.

**4-6 herbergja íbúðir:**  
**Túngata 20:** 89 m<sup>2</sup> íbúð á 3.hæð ásamt geymslu í fjölbýlishúsi. Verð 8,0 m.kr

**Hlíðarvegur 29:** 86 m<sup>2</sup> neðri sérhæfð í tvíbýlishúsi, 3 svefnerbergi. Verð 8,0 m.kr.

**Aðalstræti 26a:** 108 m<sup>2</sup> 4ra herb íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Verð 5,9 m.kr.

**Stórholt 13:** 103 m<sup>2</sup> 4ra herb. íbúð á 3.h. ásamt 21 m<sup>2</sup> bílskúr og geymslu. Tilboð óskast

**Fjarðarstræti 32a:** 113 m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Tilboð óskast

**3ja herbergja íbúðir:**  
**Fjarðarstræti 38:** 3ja herb. íbúð á 3.h. í fjörbýli, að hluta undir risi. Skráð 49,1 m<sup>2</sup> í faste.m., er ca. 79 m<sup>2</sup> að gölfli. Verð 4,5 m.kr.

**Stórholt 13:** 79,2 m<sup>2</sup> íbúð á 3ju h. til h. í fjölbýli ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mögul. að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,0 m.kr.

**2ja herbergja íbúðir:**  
**Sundstræti 34:** nýleg 2ja herbergja íbúð með sérinnangi á jarðhæð í nýppgerðu fjölbýlishúsi. Verð 5,9 m.kr.

**Pólgata 4:** 76 m<sup>2</sup> íbúð á jarðh. í fjörbýlishúsi. Verð 2,7 m.kr.

**Arvinnuhúsnæði/Fyrirtæki:**  
**Thai Koon:** 63 m<sup>2</sup> nýtt verslun

unarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttningum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu. Tilboð óskast

**Sölbaðs og nuddstofa** til sölu, leiguðst. í kjallara að Túngötu 3, Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratateki, Turbo ljósabekkur o.fl. Tilboð óskast

**Súðavík:**  
**Vallargata 4:** 112 m<sup>2</sup> nýlegt parhús úr timri á einni hæð. Verð 7,0 m.kr.

**Nýjar íbúðir við Skógarbraut**  
Allar íbúðir skilast fullmáláðar án gólfefna og innréttinga. Hægt er að kaupa 38m<sup>2</sup> bílgeymslu með íbúð. Verð 2,5 m.kr.

**Skógarbraut 3-íbúð 101:** 127,7 m<sup>2</sup> 3ja herb.íbúð með séring. á neðri hæð. Verð 10,3 m.kr

**Skógarbraut 3 - íbúð 102:** 93 m<sup>2</sup> 2ja herb.íbúð með séring. á neðri hæð. Verð 8,5 m.kr

**Skógarbraut 3 - íbúð 201:** 151,8 m<sup>2</sup> 4ra herb.íbúð með geymslu/baðstofu lofti á efri hæð. Verð 10,7 m.kr

**Skógarbraut 3A- íbúð 103:** 133 m<sup>2</sup> stór 3ja herb.íbúð á neðri hæð í fjörb. Verð 10,5 m.kr

**Skógarbraut 3A-íbúð 104:** 114,8 m<sup>2</sup> 3ja herb. íbúð á neðri hæð með saunaklefa og séringangi. Verð 9,5 m.kr.

**Skógarbraut 3A-íbúð 203:** 153,5 m<sup>2</sup> 4ja herb. íbúð á efri hæð með baðst.lofti. Verð 11,5 m.kr.

## Smáauglýsingar

Til leigu er 2ja herb. íbúð við Seljalandsveg. Losnar um næstu mánaðarmót. Nánari uppl. í síma 894 8630.

Frá félagi eldri borgara á Ísafirði. Næsta bingo verður í Safnadarheimilinu þriðjudaginn 29. mars. Gleðilega páska!

Óska eftir svalavagni, ókeypis eða fyrir lítinn pening. Astand skiptir ekki máli. Upplýsingar í síma 845 7242.

Óska eftir að kaupa fellihýsi, ekki eldra en 2001 árg. Verðhugmynd kr. 500 þús. Upplýsingar í síma 861 2265.

Til sölu er 31" jappadekk á sex gatafelgum. Upplýsingar í síma 861 4333.

Aðalfundur Styrktarfélags fatlaðra á Vestfjörðum verður haldinn mánudaginn 21. mars kl. 16:30 á Langa Manga.

Spilavist verður í Félagsbæ á Flateyri sunnudaginn 20. mars kl. 15. Allir velkomni!

Bátavél óskast! Okkur vantar 30-60 ha bátavél sem passar í Færeying. Verður að vera í góðu lagi, Skrufa, óxull, gir og mælaborð verður að fylgja. Uppl. í síma 849 5340 og 869 8999.

Til sölu er gott einbýlishús í Holtaverfi. Uppl. í símu 461 3949, 867 5990 eða 695 7790.

Til sölu er Seljalandsvegur 68. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Uppl. í síma 456 4786.

Til sölu er Silver Cross barnavagn. Selst ódyrt. Mjög vel útlitandi. Uppl. í síma 456 8147.

Til sölu er Subaru Justy, 4x4, ek. 78 þús. km. Skoðaður 05. Góður bíll. Selst á 125 þús. kr. Uppl. í síma 899 0709.

Óska eftir nærri ónýtum bíl sem þá er hægt að aka tvo hringi um miðbæ Ísafjarðar. Bíllinn á að nota í gjörning um páskana. Uppl. í síma 690 4631.

Óska eftir ódyrum bíl. Verðhugmynd 100-150 þúsund. Uppl. í síma 868 4080.

Til sölu er Mercedes Benz 240 elegans árg. 99, ekin 100 þús. km. Skipti möguleg. Upplýsingar í síma 895 0475.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í Stórholti. Uppl. í síma 899 6424.

Til sölu eru fjórar álfelgur, barnarúm með stiga og þrenn göngu-skíði. Uppl. í síma 867 2103.

Góðir LL-félagar og leikhúsvinir! 40 ára afmælishátíðin er í góðum undirbúningi. Munið að skrá ykkur í kvöldverðinn 23. apríl hjá Höllu s. 456 4388, Finni s. 456 3236, Sveinbirni s. 456 4321, Ásthildi s. 456 3351 og Tótu í síma 456 4187.

## Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður félags Vinstri grænna í Ísafjarðarbæ skrifar

## Stöndum vörð um störf kvenna

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars, finnst mér vel við hæfi að skoða atvinnu- og möguleika kvenna í Ísafjarðarbæ og þá staðreynd að konur eru mun fleiri en karlar á atvinnuleysisrá á svæðinu í dag. Það hefur verið hart gengið fram í einkavæðingu og útbóði á öllu mögulegu undanfarin ár hjá ríki og sveitarfélögum og verið hálfgerð trúarbrögð hjá mörgum stjórn mála og embættismönnum. Þó vissulega geti slíkt víða átt rétt á sér þá er langt í frá að útbóð og einkarekstur sé hagkvæmari kostur í almannaþjónustu þegar upp er staðið. Nýlega kom út skýrsla unnin af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen ehf um rekstur

mötuneyta í grunn- og leikskólum bæjarins, en skýrslan var unnin að ósk bæjaryfirvalda og kostaði hátt á aðra milljón króna.

Í skýrslunni kom m.a. fram að ekki væri hagkvæmt að bjóða út rekstur mötuneyta í leikskólum Ísafjarðarbæjar. Ekki virðast þær niðurstöður fara vel í fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar sem vill láta þennan rekstur fara í útbóð hvað sem tautur og raular og býr til sínar eigin tölur upp úr skýrslunni sem VST hefur mótmælt harðlega og stendur við sínar tölur og niðurstöður skýrslunnar. Fjöldi hefðbundinna kvennastarfa hafa horfið úr Ísafjarðarbæ undanfarin ár t.d. í fiskvinnslu og s.l. sumar



Lilja Rafney Magnúsdóttir. lagði Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar niður þvottahús stofnunarinnar og í kjölfarið voru uppi áform um að innheimta gjald fyrir þvott hjá vistmönnum öldrunarlækn-

ingadeildar en fallið frá því að sinni vegna öflugra mótmæla eldri borgara á Ísafirði.

Nú er verið að undirbúa hjá Ísafjarðarbæ tekjutenningu gjalda fyrir heimaþjónustu aldraðra og öryrkja sem hvort tveggja hefur áhrif á kjör þessa hóps þ.e. auknar álögur og fækkun starfa í kjölfarið vegna þeirra aldraðra sem hætta hugsanlega að sækja í þessa sjálfsgöðu þjónustu vegna aukinna útgjalda sem boðuð eru. Fjárhagsvandi bæjarins verður ekki leystur með því að spara á þeim stöðum sem síst skyldi, þar sem kostnaður er nú þegar í algjöru lágmarki og launin lág eins og í þeim hefðbundnu kvennastörfum sem um ræðir þ.e. um önnunastörf og störf við mötuneyti, þvottapríf og ræstingar. Það mætti aftur á móti víða í efrilögum stjórnsýslunum, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, spara í launakostnaði toppanna

og forgangsraða upp á nýtt, því þegar ýmis gæluverkefni eru annars vegar þá virðast alltaf nægir peningar til.

Ísafjarðarbær gæti ýmislegt lært af hinni hagsýnu húsmóður og hugsa sig tvisvar um áður en farið verður í þá vegferð að fækka fleiri störfum hjá bænum sem samviskusamar konur hafa sinnt með sóma í gegnum árin. Í lokin má gefa Íslandsbanka rós í hnappgatið fyrir þau áform sín að fjölga störfum hér í Ísafjarðarbæ og mættu fleiri taka sér þau vinnubrögð til fyrirmyndar.

Að lokum vil ég hvetja Vestfirðinga til að standa saman að uppbyggingu sjálfstæðs Háskóla á Ísafirði með þeirri ákvörðun sem vonandi verður tekin mun störfum fjölga hér og byggð eflast.

– Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður félags Vinstri grænna í Ísafjarðarbæ.

## Ratsjástöðin á Bolafjalli við Ísafjarðardjúp

## Eina stöðin sem ekki nýtur hringtengingar

Ratsjástöðin á Bolafjalli við Ísafjarðardjúp er eina ratsjástöð Ratsjástofnunar sem ekki nýtur hringtengingar gagnaflutningskerfis og hefur því Ratsjástofnun yfir eigin örbylgjukerfi að ráða sem gripid er til þegar bílanir verða á gagnaflutningskerfinu vestra. Eins og fram hefur komið í fréttum varð alvarleg bilun í ljósleiðara Símans á Ísafirði fyrir stuttu. Við það rofnuðu allir gagnaflutningar frá norðanverðum Vestfjörðum. Þar sem engin varaleið er til slíkra flutninga komust þeir ekki á aftur fyrr en viðgerð lauk á ljósleiðaranum um tólf klukkustundum síðar. Fram hefur komið að tölurverð vandráði urðu við verslun á svæð-



Ratsjástöðin á Bolafjalli. inu vegna bilunarinnar.

Ratsjástofnun rekur fjórar ratsjástöðvar; á Miðnesheiði á Reykjanesi, á Bolafjalli við Ísafjarðardjúp, á Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi og á Stokksnesi austan Hornafjarðar. Til gagnaflutninga notar stofnunin ljósleiðarakerfi Símans. Ólafur Örn Haraldsson

forstjóri Ratsjástofnunar segir bilunina á ljósleiðara Símans engin áhrif hafa haft á starfsemi ratsjástöðvarinnar á Bolafjalli. „Við höfum okkar eigið örbylgjukerfi sem tekur strax við gagnaflutningum ef bilun verður í ljósleiðara Símans vestur. Þessi varaleið okkar virkaði vel á föstudaginn og því hafði þessi bilun engin áhrif á okkar starfsemi“ segir Ólafur Örn.

Eins og áður sagði rekur stofnunin einnig þrjár aðrar ratsjástöðvar. Ólafur Örn segir að ekki sé þörf á slíku örbylgjukerfi sem varaleið fyrir þær stöðvar þar sem þær njóta allar hringtengingar gagnaflutningskerfisins.

– hj@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

## LAUS STÖRF HJÁ GRUNNSKÓLA ÍSAFJARÐAR

Um 70% starf **matráðs** í mötuneyti starfsmanna GÍ er laust í 4-6 vikur frá og með 7. apríl nk. vegna veikindaforfalla.

Vegna fæðingarorlofs er laus 100% **staða kennara** (Íslenska, samfélagsfræði o.fl.) á unglíngastigi frá 10. apríl og út skólaárið.

Skólastjórnendur veita frekari upplýsingar. Umsóknir skal senda til skólans fyrir 1. apríl nk.

Skólastjóri.

## STAKKUR SKRIFAR

## Róstur í Menntaskólanum á Ísafirði

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

DV hefur fjallað nokkuð um ástandið í Menntaskólanum á Ísafirði undanfarna daga. Æðstu stjórnendur skólans bera til baka fréttir um að nokkuð sé að og segja að allt gangi vel. Undir yfirlýsingu þess efnis hafa ritað fimm stjórnendur, er hver um sig ber ábyrgð á sínum málaflökki gagnvart skólameistara. Skólameistari segir að ekkert sé að. Það er gott. Slæmt væri að ófriður ríkti um æðstu menntastofnun Vestfjarða. Ekki hefur verið borð til baka að kennarar standi í málaferlum fyrir dómstólum við skólameistara. Það hefur ekki verið leiðrétt að að skólameistari hafi tekið fram fyrir hendur fyrrverandi sviðsstjóra og leiðrétt prófniðurstöður hans í flestum tilfellum til lækkunar, áminnt og sagt honum svo upp starfi sviðsstjóra. Það þarf talsvert að ganga á til að áminna kennara. Væri ekki rétt að fá allar staðreyndir á borðið og láta almenning að vita hvað er á seyði?

Því er einnig haldið fram að annar kennari sé í málaferlum við skólameistara vegna uppsagnar. Látum smáatriði eins og heiti á skólablaði liggja milli hluta. Það hefur reyndar verið venja að kenna skólablaðið til skólameistara, en var ekki gert að þessu sinni. Það er ekkert að því breyta til, ekki síst þegar um er að ræða atriði sem engu skipta. En þó mun þetta vera í fyrsta skiptið, sem skólameistara er vikið til hliðar með þessum hætti þó í litlu sé. Skólameistari greip til harkalegra aðgerða á liðnu hausti í tengsl-

um við ferð nemenda á Strandir. Mátti reyndar furðu sæta að ekki urðu af opinber eftirmál. Sennilega bendir það til þess að verulegur misbrestur hafi orðið. Því má ekki gleyma að nemendur undir 18 ára aldri eru ekki sjálfráða og því ábyrgð foreldra sinna. Að auki er ekki gert ráð fyrir því að fólk undir tvítugu neyti áfengis, því bannað er að selja því eða veita áfengi.

Lengst af hefur almenningur litið upp til Menntaskólans á Ísafirði og stofnun hans var stór þáttur í viðreisn Vestfjarða á áttunda áratugnum. Þó ber sagan með sér að ekki hefur alltaf verið ró um starfsemi hans. Áður hafa komið upp dæmi þess að kennarar hafa ekki verið ánægðir með störf skólameistara og nægir að líta tvo áratugi aftur. Um langa hríð hefur verið friður að mestu um Menntaskólann. Fer best á því. Margir hrökkva við tal um málaferli, uppsagnir og að sagt sé frá því í blöðum, að þeir er láta af störfum séu kvaddir með látum. Vonandi er yfirlýsing stjórnendanna, um að allt sé í góðu lagi, rétt. Ef ekki, er meira að en hægt er að una við. Það gengur ekki að breiða yfir staðreyndir. Slíkt kemur niður á öllum áður en yfir lýkur.

Hverju sem fram vindur er nauðsynlegt að fylgjast með framvindu málaferla sem beinast að stjórnanda Menntaskólans. Skólinn þar að vera hafinn yfir dægurþras, hvað þá málaferli.





# mannlífíð

Abendingar um efni sendist  
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu  
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn  
16. mars, 75. dagur ársins 2005

**Pennan dag** árið 1237 lést Guðmundur góði Arason Hólabiskup. Hann var biskup frá 1203 og var snemma kunnur af meinlætaliðnaði og velgjörðum við fátæka. Guðmundur var talinn heilagur í lifanda lífi og reynt var að fá hann tekinn í dýrlingatölu, en samþykkt páfa fékkst ekki.

**Pennan dag** árið 1657 urðu miklir jarðskjálfar á Suðurlandi. Hús féllu víða, einkum í Fljótshlíð.

**Pennan dag** árið 1980 hófst fjórða hrina Kröfluelda. Gosið stóð stutt, þótti fagurt og var kallað skrautgos.

**Pennan dag** árið 1983 voru undirritaðir samningar um kaup Reykjavíkurborgar á Viðey.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

## ● Á þessum degi fyrir 50 árum



## Hafís fyrir Vestfirðum

Talsverður hafís er fyrir Vestfirðum og er hann landfastur við Barða og Bolungarvík, annars um 1 sjómílu undan landi. Samfelld hafísbreiða er nú úti fyrir Súgandafirði og Önundarfirði og nær hún allat sunnan frá Barða og norður undir Skálavík og í norður fyrir Ísafjarðardjúpi. Nær landi er ísbreiðan 6-7 sjómílu á breidd, en fjær alveg samfelld. [...]

Aðfararnótt sunnudagsins var m.b. Friðbert Guðmundsson staddur skammt héðan frá Suðureyri og hafði lagt þar 26 lóðum. Voru bátsverjar að draga þær og höfðu lokið við að draga 23 lóðir, þegar þeir gættu þess, að þeir voru orðnir innilokaðir í ísnum. Skáru þeir því á þrjár lóðir, sem eftir voru og tóku að mjaka sér út úr ísnum.

## ● Helgarveðrið

### Horfur á föstudag:

Austan og norðaustan 8-13 m/s og él, en þurr að kalla suðvestantil. Frost 0-5 stig, en sumstaðar frostlaust.

### Horfur á laugardag:

Austlæg átt og víða dálítill úrkoma. Hiti í kringum frostmark.

### Horfur á sunnudag:

Austlæg átt og rigning víða um land. Hiti yfirleitt á bilinu 0 til 6 stig.

### Horfur á mánudag:

Austlæg átt og rigning víða um land. Hlýnar í veðri.

## ● Spurning vikunnar

Ætlar þú á rokkhátíðina „Aldrei fór ég suður“ sem haldin verður um páskana?

Alls svöruðu 610. – Já sögðu 342 eða 56% – Nei sögðu 188 eða 31% – Övíst sögðu 80 eða 13%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Ólafur Sveinn Jóhannesson, forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar á Tálknafirði

## Hálft tonn af sandi á Ferðatorgi

„Það er alveg brjáláð að gera á Tálknafirði um þessar mundir. Ég hef verið að leggja lokahönd á undirbúning fyrir Ferðatorg 2005 sem er haldið í byrjun apríl. Við verðum með umfangsmesta básinn á sýningunni og verðum meðal annars með til sýnis hálft tonn af sandi frá Rauðasandi, rekaviði og fjörugrjót.

Krakkarnir í grunnskólanagera á Tálknafirði um þessar árhátíð skólans. Þar taka börnin Heiðu okkar í Idol til fyrirmyndar og verður Idol þema ríkjandi yfir hátíðinni. Þá verður sprellað og sungið.

Mikið er að gera í undirbúningi sumarhúsabyggingar sem stefnt er að fari í framkvæmd næsta sumar. Við

Már Erlingsson sveitarstjóri munum brátt funda með þýskri ferðaskrifstofu, þar sem farið verður yfir hve stórt verkefni sumarhúsabyggingin verður og að hve miklu leyti ferðaskrifstofan vill taka þátt í því. Hreppurinn hefur þegar látið 2 milljónir í verkefnið, en þetta er enn á byrjunarstigi.“



## ● Innlit til Dagnýjar Þrastardóttur og Halldórs Antonssonar á Ísafirði



Listakonan var að vonum ánægð með afraksturinn af mósaikuppsetningunni.

# Húsið prýtt með glerlist húsfreyjunnar

Hjónin Dagný Þrastardóttir og Halldór Antonsson búa í Aðalstræti 16 á Ísafirði í tæplega 700 fermetra stóru húsi. Í húsinu er einnig Rammagerð Ísafjarðar og trésmíðaverkstæði en hjónin eru bæði smiðir. Halldór er húsasmíðameistari og Dagný húsgagnasmíður og glerlistarkona með meiru. Húsið var byggt var um 1880 og var upprunalega var tvö hús. Er hjónin keyptu það 1997 var það í niðurníðslu og hafa þau unnið það upp og vinna nú bæði við iðju sína á tveimur verkstæðum í húsinu.

„Þar sem við erum bæði smiðir hentar þetta okkur vel en húsið var ekki vel á sig komið er við tókum við því. Við byrjuðum árið 1997 að gera upp galleríið og Rammagerðina. Tveimur árum seinna gerðum við húsið upp svo við gætum flutt inn í það“, segir Dagný. Einnig eru tvær íbúðir til viðbótar í húsinu þar sem Helga Sif dóttir Halldórs og Þórunn Jónsdóttir, móðir Dag-

nýjar búa.

List Dagnýjar er allsráðandi í húsinu auk fjölda listaverka eftir aðra listamenn, þar á meðal hinn kunna glerlistarmann Bertil Vallien og hina ísfirsku Söru Vilbergsdóttur. Glerlistarverkin vekja mikla athygli og eru þau víða í húsinu, t.d. var eitt af salernunum nýverið gert upp með mósaík.

„Við köllum þetta mistök og minningar en öll glerverkin eru verk sem hafa mistekist, flísarnar voru afgangsefni sem við fengum gefins og brutum niður. Á veggnum má til dæmis sjá hálsbrotna engla og ostabakka sem bráðnuðu saman og þjóna nú tilgangi handklæðaslár. Mig hafði alltaf langað til að setja upp mósaík á klósettinu en kom því aldrei í verk fyrr en nú“, segir Dagný. Tvö önnur baðherbergi hússins eru einnig prýdd með glerlist Dagnýjar, í öðru þeirra hefur hún sett glerlistaverk í vaskaskápinn og í sturtukleffann en í hinu er fallgur vegg-



Á þriðja salerninu er stórt listaverk af Eyrinni og fjallinu Erni.

● **Uppáhalds staðurinn** · Jóhannes Jónsson, kvikmyndatökumaður á Ísafirði

## Fallegt landslag í Borgarfirði

„Uppáhaldsstaðirnir eru svo margir að erfitt er að gera upp á milli, en ég vel þó Borgarfjörðinn. Það er svo fallegt landslag þar og ólýsanlegt að keyra um fjörðinn eldsnemma að morgni þegar sólin er að koma upp. Ég fer þangað að meðaltali nokkrum sinnum á ári þegar ég keyri



suður. Fyrir mörgum árum dvaldi ég í sumarbústað í Borgarfirði með foreldrum mínum, það er svo langt síðan að ég man ekki einu sinni hve mörg ár eru liðin. Ég veit hins vegar ekki hvenær ég mun fara þangað aftur, það er ekkert í bígerð,“ sagði Jóhannes.



● **Vestfirskar þjóðsögur** · Gísli Hjartarson

## Lán í óláni

Fyrir margt löngu fótbrotuðu tvíburabræðurnir Guðbjörn og Gísli heitinn Jósefssynir á Ísafirði með minna en viku millibili. Þegar þeir voru báðir komnir aftur á stjá hittu þeir Hrafn Norðdahl verkstjóra þar sem þeir voru að staulast um miðbæ Ísafjarðar á hækjum. Tóku þeir tal saman og ræddu þessa tilviljun að báðir bræðurnir skyldu fótbrotna í aðskildum vinnuslysum á sama tíma.


Þegar þeir kvóddust gall í Hrafn: Það var lán að þið voruð ekki þrjúburar.



Á veggjum salernisins má finna margar tilraunir listarkonunnar er hún var að fíkra sig áfram með nýjar aðferðir.



Glerlistaverk er að finna víða um húsið og hér eru þau í vaskaskáp í öðru salerni hússins.



Hjónarúmið er smíð hjónanna.

gluggi sem skreyttur er með listaverki af Eyrinni, fjallinu Erni og Naustahviltinni. Auk þess að gera húsið upp

eru nokkur húsgagnanna smíði hjónanna, má þar nefna hjónarúmið sem hjónin smíðu saman. „Halldór ákvað

litinn á rúminu og nokkrum árum seinna fann ég rúmteppi með sama lit, við höfðum ákveðið að ég myndi gera

listaverk sem yrði staðsett í miðju höfuðgaflsins en ég hafði aldrei komið því í verk svo ég tók út stjörnuna á

rúmteppinu og gerði listaverk eftir henni“, segir Dagný. Hún hefur einnig gert langflestar ljósakrónur hússins.

● **Brennslan mín** · Kristinn Hermannsson, hagfræðinemi í Hollandi

## Á fóninum þessa stundina

Seint getur maður talist alæta á tónlist en það sem fer á fóninn er samt sem áður ansi sundurleitt. Þannig er líklega best að bjóða einfaldlega upp á bixemat úr því sem hefur verið á borðum síðustu vikur og sjá hvernig útkoman verður.

### 1. Pretty (Ugly before) – Elliott Smith

Gítar- og píanóglamur með tilfinningasömu rauli í hesta gæðaflokki. Óll platan hans „From a basement on the Hill“ er stórgóð svo lagið gæti þess vegna verið valið af handahófi.

### 2. I'd ask – Mugison

Okkar mann þarf varla að kynna. Þetta lag er af Nice-land plötunni sem inniheldur tónlist hans við samnefnda

kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar. Ég mæli með að fólk tékki á þessari plötu því hún hefur ekki fengið þá athygli sem hún á inni.

### 3. Surfing on a rocket – Air

Franskir sérvitringar sem útbjuggu plötuna sína þannig að það er ekki hægt að hlusta á hana með góðu móti í Windows media player heldur fylgir sérstakt forrit með (vesen!). Síðasta plata þeirra er tæpast best en samt fantagóð og er á fóninum þessa dagana.

### 4. Love will tear us apart – Joy Division

Lagið hefur lifgað upp á partí í meira en aldarfjórðung og er ennþá brakandi ferskt. Þrátt fyrir titilinn hefur það einhvern getnaðarlegan undirtón sem hefur vafalítið stuð-

ad að viðgangi þjóðarinnar fyrir daga nýja fæðingarorlofsins.

### 5. Gógópartí – Studmenn

Með allra bestu afurðum Studmanna. Eflagið kemur þér ekki í stuð hlustaðu þá á textann! „Sveitt og glansandi í sófanum dansandi, með sigurbros á rósráuðri vör, þú aldrei varst á teppið spör.“

### 6. Ég las það í Samúel – Brimkló

Mörgum þessi músík það allra hallærislegasta en ég er nú ekki sammála því. Það gerist ekki mikið flottara en svona vestrapopp, a.m.k. reynist fátt betur með uppvaskinu.

### 7. Chiquitía – Abba

Maður væri náttúrlega að svíkja lit ef maður minntist ekki á Abba. Þar komu smellirnir á

færibaldi eins og Volvóar en þetta lag öðlaðist nýja merkingu þegar stelpurnar í MÍ sungu það við heimasmiðaðan texta í sjónvarpinu um árið og lögðu þannig menntskælingum til nýjan söng í safnið.

### 8. Mack the Knife – Robbie Williams

Lagið er frábært og mætti nefna marga aðra flytjendur sem hafa gert því góð skil en Robbie fær prik fyrir að hafa dregið gamla standarda fram í dagsljósið á plötunni „Swing when you're winning“, og m.a.s gert það ansi vel.

### 9. Barbarella – Páll Óskar og Kasínó

Talandi um snilldarupphitun á gömlum lummum þá er ekki hægt að sleppa plötunni „Stereo“ sem virðist ekki hægt að



Kristinn Hermannsson. fá leið á.

### 10. Fake plastic trees – Radiohead

Alltaf jafn flott og melan-kólískt, hefur margfaldan heilunarmátt á við Opruh og dr. Phil til samans.

● **Sportíð í beinni**

### Skjárlinn:

Laugardagur 19. mars:  
 Kl. 12:45 – Enski boltinn: Blackburn – Arsenal.  
 Kl. 15:00 – Enski boltinn: Man. Utd. – Fulham.  
 Kl. 17:15 – Enski boltinn: Bolton – Norwich.

### Sunnudagur 20. mars:

Kl. 12:00 – Enski boltinn: Birmingham – Aston Villa.  
 Kl. 16:05 – Enski boltinn: Liverpool – Everton.

### Sýn:

Laugardagur 19. mars:  
 Kl. 02:00 – Hnefaleikar: E. Morales – M. Pacquiao.

### Canal+ Norge:

Laugardagur 19. mars:  
 Kl. 12:45 – Enski boltinn: Blackburn – Arsenal.  
 Kl. 19:25 – Ítalski boltinn: Juventus – Reggina.

### Sunnudagur 20. mars:

Kl. 14:00 – Ítalski boltinn: Inter Milan – Fiorentina.  
 Kl. 17:05 – Enski boltinn: Liverpool – Everton.  
 Kl. 19:25 – Ítalski boltinn: Roma – AC Milan.

### Canal+ Sport:

Laugardagur 19. mars:  
 Kl. 15:00 – Enski boltinn: Chelsea – Crystal Palace  
 Kl. 17:10 – Enski boltinn: Bolton – Norwich.  
 Kl. 19:10 – Enski boltinn: Portsmouth – Newcastle.  
 Kl. 21:00 – Enski boltinn: Tottenham – Man. City.

### Sunnudagur 20. mars:

Kl. 11:55 – Enski boltinn: Birmingham – Aston Villa  
 Kl. 14:00 – Ítalski boltinn: Leikur óákveðinn.

### Kirkjustarf

#### Ísafjarðarkirkja:

Fjölskyldumessa á pálmansunnudag, 20. mars kl. 11. Barnakór Tónlistarskólans syngur undir stjórn Ingunnar Sturludóttur.  
**Helgiganga í Öndarfirði:** Helgiganga verður í Öndarfirði á föstudaginn langa. Hefst hún með stuttri helgistund í Flateyrarkirkju kl. 09:30. Síðan verður gengið að Holti þar sem helgistund verður í kirkjunni, kl. 12:00-12:30. Að lokum getur fólk keypt sér ódýra súpu og brauð í Friðarsetrinu. Frjálst er að koma í helgistundirnar og súpana þótt menn treysti sér ekki til að ganga.



## Féll niður á næstu svalir

Lögreglu á Ísafirði barst tilkynning um að unglingsstúlka hefði fallið fram af svölum á þriðju hæð í fjölbýlishúsi á Ísafirði um kl. fimm aðfaranótt sunnudag.

Í ljós kom að stúlkan hafði fallið niður á svalir næstu hæðar fyrir neðan en þær ganga lengra fram. Kvartaði hún um verki í baki og var flutt með sjúkrabíl á sjúkrahús.

# Súðavíkurhreppur byggir hús fyrir 20 milljónir en selur á 16

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps samþykkti samhljóða á fundi í síðustu viku að taka kauptilboði Kristínar Lilju Kjartansdóttur í einbýlishúsið að Holtagötu 8 í Súðavík. Húsið er 177 fermetrar að stærð og er annað tveggja einbýlishúsa sem sveitarfélagið hyggst reisa á þessu ári.

Bygging þeirra var boðin út fyrir stuttu og mun kosta um 20 milljónir að reisa hvort hús. Mun sveitarfélagið því tapa um fjórum milljónum króna á byggingu þess húss sem nú er selt. Ekkert tilboð hefur hins vegar borist í hitt húsið sem

reist verður. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri Súðavíkurhrepps segir það hafa verið vitað þegar ákvörðun um bygginguna var tekin á sínum tíma að hugsanlega fengist ekki fyrir byggingakostnaði þegar húsin yrðu seld.

„Hér hefur verið skortur á íbúðarhúsnæði og við teljum bráðnaudsýnlegt að leita allra leiða til þess að ýta undir fjölsfjölgun. Það hafa ýmsar hugmyndir verið ræddar í þá átt m.a. að veita byggingastyrki. Að þessu sinni var ákveðið að fara þessa leið og hugmyndir eru uppi um að sveitarfélagið



Frá Súðavík.

byggji tvö hús á ári næstu fimm árin. Þrátt fyrir að sveitarfélagið fái ekki fyrir byggingakostnaði þá teljum við okkur vera að hagnast á þessum viðskiptum til lengri tíma lítið. Það eru margar hliðar á þessu máli en aðalatriðið í okkar huga er að leita allra þeirra leiða sem færar eru til þess að treysta hér byggð og þessi er ein þeirra“, segir Ómar.

Fljótlega hefst uppbygging atvinnuhúsnæðis á Langeyri og segist Ómar bjartsýnn á að sú uppbygging eigi eftir að fjölga atvinnutækifærum á næstunni í Súðavík. –hj@bb.is

# Fjallaferð á fólksbílum og kappaksturskörtnu í harðfenni



Einar Halldórsson þeysti um á hörðum snjónum.

Nokkrir ofurhugar fóru í ökuferð á fólksbílum og go-kart bíl upp á Botnsheiði og yfir á Fellsháls á laugardag. „Þetta var öðruvísi laugardagsrúntur og ævintýri hjá okkur. Snjórinn er það harður að varla var sleðafæri og við vildum reyna að fara á fólksbílum yfir Fellsháls og að Nónhorni. Þá var meira að segja einn bíllinn á sumardekkjum en við vorum með jeppa til taks ef á þyrfti að halda“, segir Einar Halldórsson fjallafari.



Einnig var með í för go-kart kerra sem þeyst var um á í harðfenninu. „Go-kartinn er á góðum nagladekkjum og við vorum að prófa hann á brekkunum, en vanalega er þeim ekið á jafnsléttu“, segir Einar. –thelma@bb.is

## Ísafjarðarbær segir upp samningi um rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði

# Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. undirbýr stofnun markaðsskrifstofu

Atvinnuálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að segja upp samningi við Vesturferðir um rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði. Ferðaskrifstofan hefur haft þennan rekstur með höndum um árabíl á Ísafirði. Samningnum er sagt upp frá janúar 2006. Elías Guðmundsson, formaður atvinnuálanefndar Ísafjarðarbæjar segir ástæðu

uppsagnarinnar þá að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða sé að undirbúa stofnun markaðsskrifstofu Vestfjarða og því hafi þótt rétt að hafa samning um þennan rekstur lausan ef til reksturs markaðsskrifstofunnar kæmi. „Þar er stefnt að mjög öflugri markaðssetningu Vestfjarða og við viljum veita þeim hugmyndum brautarangengi með því að færa starf-

semi upplýsingamiðstöðvarinnar þar inn.“

Aðspurður hvort það væri ekki óeðlilegt að segja upp samningi við einkafyrirtæki um þennan rekstur til þess að koma honum í hendur á opinberu fyrirtæki sagði Elías svo ekki vera. „Þarna er í undirbúningi mjög metnaðarfull starfsemi sem við viljum gjarnan taka þátt í. Þessi upp-

sögn er ekki til komin vegna þess að Vesturferðir hafi ekki sinnt þessu starfi vel heldur viljum við taka þátt í því öflugra starfi sem í þróunum er og ekki er loku fyrir það skotið að þessir aðilar verði í einhvers konar samstarfi í framtíðinni.“

Elías segir starfsmannnefndarinnar hafa átt í viðræðum við eigendur Vesturferða og þeir hafi því vitað af

því hvað stóð til. Ólafur Örn Ólafsson einn af eigendum og stjórnarmönnum Vesturferða kom af fjöllum þegar blaðið spurði hann út í málið. „Við höfum ekki heyrt af þessu máli og höfðum ekki hugmynd um að þessi uppsögn stæði til. Rekstur okkar á þessari upplýsingamiðstöð hefur að mínu áliti komið sér vel fyrir alla aðila. Þetta samstarf hefur ver-

ið áfallalaust að mínu mati, það hefur samrýmt okkar rekstri mjög vel og styrkt okkur í því sem við höfum verið að gera til að kynna Vestfirði. Ég hef ekki orðið var við að menn hefðu neitt út á okkar störf að setja. Því kemur þessi uppsögn mér mjög á óvart“, segir Ólafur Örn Ólafsson, einn eigenda Vesturferða.

–hj@bb.is